Það tilkynnist hér með, að meðundirritaður Snæbjörn Jónsson, skjalaþýðari, Holtsgötu 7, Rvík, er frá 31. des. 1948 genginn úr firmanu Snæbjörn Jónsson & Co., Rvík. Berum við Gunnar E. Kvaran og Ól. Bergm. Erlingsson, framvegis einir ábyrgð á skuldbindingum nefnds firma með ótakmarkaðri ábyrgð. Hvor okkar um sig hefur rétt til að rita firmað.

Reykjavík, 30. júní 1949.
Gunnar E. Kvaran.
Ól. Bergm. Erlingsson.
Snæbjörn Jónsson.

99.

Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrár Reykjavíkur, að stjórn Sláturfélags Suðurlands skipa nú eftirtaldir menn: Pétur Ottesen, alþm., Ytra-Hólmi, form., fulltrúi fyrir Borgarfjarðarsýslu. Til vara: Hallvarður Ólafsson, bóndi, Geldingaá. Ellert Eggertsson, bóndi, Meðallandi, fulltrúi fyrir Kjósarsýslu. Til vara: Jónas Björnsson, bóndi, Norður-Gröf. Helgi Haraldsson, bóndi, Hrafnkelsstöðum, fulltrúi fyrir Árnessýslu. Til vara: Páll Diðriksson, bóndi, Búrfelli. Sigurður Tómasson, bóndi, Bark-

252 arstöðum, fulltrúi fyrir Rangárvallasýslu. Til vara: Guðjón Jónsson, bóndi, Ási. Siggeir Lárusson, bóndi, Kirkjubæjarklaustri, fulltrúi fyrir Vestur-Skaftafellssýslu. Til vara: Jón Jónsson, bóndi, Teigingalæk.

Reykjavík, 12. júlí 1949.
Pétur Ottesen.
Siggeir Lárusson.
Ellert Eggertsson.
H. Bergs.

100.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður, Erlendur Guðmundsson, Nesvegi 46, hef afsalað eignarhluta mínum í Matarbúðinni Ingólfsstræti 3, til sameiganda míns, Axel Mogensen, Karfavogi 35, hinn 1. júlí s. l. Er hann því einkaeigandi firmans frá þeim degi að telja. Eru skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá sama degi.

Reykjavík, 27. júlí 1949.
Erlendur Guðmundsson.

Samkvæmt ofangreindu hefur Erlendur Guðmundsson afsalað til mín eignarhluta sínum í Matarbúðinni Ingólfsstr. 3, hinn 1. júlí s. l., og rek ég hana sem einkaeigandi frá þeim degi, og eru skuldbindingar firmans honum óviðkomandi frá þeim degi að telja. Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem hann hefur haft fyrir firmað.

Reykjavík, 27. júlí 1949.
Axel Mogensen.

101.

Það tilkynnist hér með, að ég hef afsalað mínum hluta í Efnagerðinni Val, Reykjavík til Brynjólfs Gunnarssonar, Kárast. 8, Reykjavík, og eru allar skuldbindingar firmans frá og með deginum í dag að telja mér óviðkomandi.

Reykjavík, 3. ágúst 1949.
Hákon Hafliðason,
Hverfisgötu 123.

Við undirritaðir, Brynjólfur Gunnarsson, Kárastíg 8 og Lárus Ingimarsson, Vitast. 8 A, Reykjavík, rekum framvegis Efnagerðina Val, Reykjavík, sem fullábyrgir félagar og er firmað eign hvors okkar að hálfu.

Firmað ritum við þannig:

Efnagerðin Valur.
Brynjólfur Gunnarsson.
Lárus Ingimarsson.

Reykjavík, 3. ágúst 1949.
Brynjólfur Gunnarsson.
Lárus Ingimarsson.

102.

Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi í firmanu R. Jóhannesson h.f., Reykjavík, sem haldinn var 9. apríl s. l. voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Helgi Helgason, Óðinsgötu 2, Rvík, formaður. Meðstjórnendur: Jón Guðmundsson, Óðinsgötu 8 B, Rvík, Guðmundur Jensson, Bragagötu 29 A, Rvík. Á fundinum, sem sóttur var af hendi allra hluthafa, var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 15 000.00 og er hlutafé félagsins því nú kr. 165 000.00. Hlutafjáraukningin er öll innborguð.

Reykjavík, 15. ágúst 1949.
Í stjórn R. Jóhannessonar h.f.
Helgi Helgason.
Guðm. Jensson.
Jón Guðmundsson.

103.

Hér með tilkynnist, að við undirritaðir, Ægir Ólafsson, Laugavegi 18 B, og Helgi Guðlaugsson, Hagamel 16, báðir í Reykjavík, rekum í sameiningu og með ótakmarkaðri ábyrgð iðnaðar- og verzlunarfyrirtæki undir nafninu Borgarfell. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Borgarfell.
Helgi Guðlaugsson.
Ægir Ólafsson.

Prókúruumboð fyrir félagið hefur Ægir Ólafsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Borgarfell.
Ægir Ólafsson.

Reykjavík, 15. ágúst 1949.
Ægir Ólafsson.
Helgi Guðlaugsson.

104.

Það tilkynnist hér með, að firmað Saftgerðin Humall, einkaeign mín, er

hætt störfum og óskast því strikað út úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 16. ágúst 1949.
Jónas Jónsson, Þórsg. 14.

105.

Hér með tilkynnist, að við undirritaðir Hans Erik Frost og Niels Peter Carlo Jörgensen, báðir til heimilis að Freyjugötu 25 C hér í bænum, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð björgunar- og hjálparstarfsemi í Reykjavík og nágrenni undir firmanafninu: „Björgunarfélagið Vaka". Tökum við að okkur að flytja bilaðar bifreiðar og þungavöru, hverju nafni sem nefnist, svo og að aðstoða, ef óveður, vatnsflóð eða slys ber að höndum og sjúkraflutninga eftir því sem síðar kann að verða ákveðið. Í þessu sambandi rekum við einnig tryggingarstarfsemi, þannig að eigendur bifreiða geta gegn ákveðnu, árlegu gjaldi tryggt sér flutning á bifreiðunum, samkvæmt nánari skilmálum. Prókúru fyrir félagið hefur Niels P. C. Jörgensen, Freyjugötu 25 C, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Björgunarfélagið Vaka.
N. P. C. Jörgensen.

Nýtur hann allra réttinda og skyldna prókúruhafa samkvæmt lögum, en til að skuldbinda félagið að öðru leyti umfram daglegan rekstur, þarf undirskrift okkar beggja.

Reykjavík, 17. ágúst 1949.
N. P. C. Jörgensen.
Hans Frost.

106.

Stjórn Matvælageymslunnar h.f. hefur í dag veitt Markúsi Jensen, Leifsg. 3, Reykjavík, prókúruumboð og ritar hann firmað sem hér segir:

pr. pr. Matvælageymslan h.f.
M. Jensen.
Reykjavík, 17. ágúst 1949.
Stjórn Matvælageymslunnar h. f.,
Sveinn Árnason.
Sigfús Bjarnason.
Þorsteinn Guðbrandsson.
B. Einarsson.

107. 252

Á aðalfundi í Stefni h.f., Reykjavík, sem haldinn var 7. júní þ. á., gekk úr stjórninni Sveinbjörn Guðlaugsson, Framnesvegi 30. Í hans stað var kosinn Sigfús Bjarnason, framkvæmdarstjóri, Víðimel 66.

Reykjavík, 7. júlí 1949.
Óli M. Ísaksson.
Símon Símonarson.
Sigfús Bjarnason.

108.

Hér með tilkynnist, að ég undirrituð, Jensína Jóhannesdóttir, Laugavegi 101 hér í bæ, rek veitingastofu í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Litla kaffistofan. Firmað rita ég þannig:

Litla kaffistofan.
Jensína Jóhannesdóttir.
Reykjavík, 24. ágúst 1949.
Jensína Jóhannesdóttir.

109.

Hér með tilkynnist, að frá og með 7. júlí 1949 skipa þessir menn stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga: Sigurður Kristinsson, fyrrv. forstjóri, Bárugötu 7, Reykjavík, formaður, Eysteinn Jónsson, ráðherra, Ásvallagötu 67, Rvík, varaformaður, Jakob Frímannsson, framkvæmdastjóri, Þingvallastr. 2, Akureyri, ritari, Björn Kristjánsson, alþingismaður, Kópaskeri, Skúli Guðmundsson, alþingismaður, Árnesi, Vestur-Húnavatnssýslu, Þórður Pálmason, framkvæmdastj., Borgarnesi, Þorsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri, Búðareyri við Reyðarfjörð. Varastjórn skipa frá sama tíma: Þórhallur Sigtryggsson, framkvæmdastjóri, Húsavík, Bjarni Bjarnason, skólastj., Laugarvatni, Eiríkur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, Þingeyri.

Á samþykktum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sem gengið var frá á aðalfundi þess 1948 og síðan voru gefnar út prentaðar, hafa tvívegis verið gerðar breytingar, í fyrra skiptið á aðalfundi 17.—18. júlí 1942, en hið síðara á aðalfundi 5.—7. júlí 1949. Af breytingum þeim, sem gerðar voru á samþykktunum á síðasta

252 aðalfundi, skal einkum vakin athygli á viðauka við 19. gr., sem fjallar um réttarstöðu forstjóra og framkvæmdastjóra. Viðaukinn er svo hljóðandi:

„Úr hópi þessara manna kýs stjórnin 3—5 manna framkvæmdastjórn til eins árs í senn. Forstjóri er formaður framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn heldur venjulega fund í viku hverri. Þar skulu rædd þau mál, sem eru á starfssviði framkvæmdastjórnarinnar, og teknar ákvarðanir um þau. Forstjóri hefur neitunarvald í framkvæmdarstjórn, en slíkum ákvörðunum má skjóta til sambandsstjórnar.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnar og skuldbindingar hennar fyrir hönd sambandsins, sem samkvæmar eru samþykktum þessum og landslögum, eru bindandi fyrir sambandið í heild og hvert einstakt sambandsfélag, ef þær eru undirritaðar af forstjóra og að minnsta kosti helmingi meðstjórnenda.

Framkvæmdastjórn er heimilt að taka lán handa sambandinu, þegar hún telur þess þörf. Lán þau, sem þannig eru tekin, ábyrgjast öll sambandsfélögin með stofnfé sínu, án þess að lántakan hafi verið borin undir þau, og án þess að þau hafi gefið út sérstakt ábyrgðarskjal þar að lútandi."

Framkvæmdastjórn sambandsins skipa frá og með 8. júlí 1949 þessir menn: Vilhjálmur Þór, forstjóri, Hofsvallagötu 1, Reykjavík, formaður, Helgi Pétursson, framkvæmdastj., Smáragötu 11, Reykjavík, og Helgi Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, Háteigsvegi 32, Reykjavík.

Reykjavík, 20. júlí 1949.

Stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga.
Sigurður Kristinsson.
B. Kristjánsson.
Jakob Frímannsson.
Þorst. Jónsson.
Þórður Pálmason.
Skúli Guðmundsson.
Eysteinn Jónsson.

110.

Á aðalfundi í hlutafélaginu „Fylkir", sem haldinn var 29. júlí s. l., voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Hafsteinn Bergþórsson, útgerðarmaður, Marargötu 6, formaður. Meðstjórnendur: Bergur Pálsson, fyrrv. skipstjóri, Bergstaðastræti 57, og Aðalsteinn Pálsson, skipstj., Hávallagötu 3, og er hann jafnframt framkvæmdarstjóri félagsins með prókúruumboði. Til vara: Björn Þorgrímsson, gjaldkeri, Skólavörðustíg 21, Rvík. Þá tilkynnist einnig, að Þórður Ólafsson hefur látið af framkvæmdastjórn fyrir félagið, og hefur prókúruumboð hans fyrir það verið afturkallað.

Reykjavík, 18. ágúst 1949.
Aðalsteinn Pálsson.
Bergur Pálsson.
Björn Þorgrímsson.

111.

Það tilkynnist hér með, að við undirrituð, Jón J. Barðason, Laugavegi 82, Reykjavík, Jóna H. Valdimarsdóttir, Laugavegi 82, Rvík, Ari Guðmundsson, Miðtúni 18, Rvík, rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Jón J. Barðason & Co. Við ritum firmað þannig:

Jón J. Barðason & Co.
Jón J. Barðason.
Jóna H. Valdimarsdóttir.
Ari Guðmundsson.

Reykjavík, 18. ágúst 1949.
Jón J. Barðason.
Jóna H. Valdimarsdóttir.
Ari Guðmundsson.

112.

Hér með tilkynnist, að við undirritaðar, Ingunn og Gyðríður Sveinsdætur, Fjólugötu 19 B, Rvík, rekum vefnað og saumaskap og skyld störf og verzlun í því sambandi hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Ásar. Firmað ritum við hvor um sig þannig:

Ásar.
Ingunn Sveinsdóttir.
Ásar.
Gyðríður Sveinsdóttir.

Reykjavík, 30. ágúst 1949.
Ingunn Sveinsdóttir.
Gyðríður Sveinsdóttir.

113.
Ég undirrituð, Síta Sigurðardóttir, Silfurtúni 2, Garðahreppi, tilkynni hér með, að ég rek verzlun hér í bænum með notaðan og nýjan fatnað, undir nafninu Notað og nýtt. Firmað rita ég þannig:

Notað og nýtt.
Síta Sigurðardóttir.

Reykjavík, 1. sept. 1949.
Síta Sigurðardóttir.

114.
Á lögmætum hluthafafundi Byggingafélagsins Smiður h.f. 5. ágúst 1949 var ákveðið að slíta félaginu, og voru kosin í skilanefnd til að fara með mál félagsins meðan á félagsslitum stendur þau Magnús Jónsson, byggingameistari, Lindargötu 52, Magnús Konráðsson, verkfr., Framnesvegi 30, og Laufey Einarsdóttir, frú, Skálholtsstíg 2, öll í Reykjavík. Hefur dómsmálaráðuneytið með bréfi dags. 25. ágúst 1949 löggilt téða skilanefndarmenn.

Enn fremur tilkynnist, að skilanefndin hefur í dag veitt Laufeyju Einarsdóttur, prókúruumboð fyrir nefndina, og hefur hún öll réttindi prókúruhafa lögum samkvæmt, enda afturkallast hér með prókúruumboð það, er Einar Guðmundsson, Garðastræti 47, hefur haft fyrir félagið. Prókúruhafinn, Laufey Einarsdóttir, ritar þannig:

pr. pr. skilanefnd Byggingafélagsins Smiður h.f.
Laufey Einarsdóttir.

Reykjavík, 31. ágúst 1949.
Laufey Einarsdóttir.
Magnús Jónsson.
Magnús Konráðsson.

115.
Á fundi, sem haldinn var í hlutafélaginu Funa 20. júní 1949 að Silfurteigi 4, Rvík, var ákveðið að kaupa húsið nr. 10 við Kársnesbraut í Kópavogshreppi. Var ákveðið, að starfsemi félagsins skyldi hefjast þar hinn 1. júlí n. k. og félagið telja sér heimili í Kópavogshreppi frá sama tíma.

Reykjavík, 8. ágúst 1949.
Funi h.f.
Pétur Gunnarsson.
Ragna Sigurðardóttir.

116. 252
Þar eð við höfum selt samlagsfélag okkar, Sandblástur & málmhúðun, samnefndu hlutafélagi, óskast það hér með afskráð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 2. sept. 1949.
Bjarni Eliassen, Meðalholti, Rvík.
Hálfdán Á. Jóhannesson.

117.
Við undirritaðir, sem höfum stofnað með okkur útgáfufélagið Keili, til útgáfu á samnefndu blaði, óskum hér með eftir að fá það skrásett í félagsskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Reykjavík, 24. ágúst 1949.
Ólafur Jónsson, Hlíðarveg 11.
Sigurbjörn Ketilsson, Ytri-Njarðvík.
Konráð Gíslason, Þórsmörk, Seltjarnarn.

118.
Á aðalfundi í Hraðsaumastofunni Álafossi h.f., er haldinn var 6. jan. s. l., voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn: Sigurjón Pétursson, Álafossi, formaður. Meðstjórnendur: Pétur Sigurjónsson, Álafossi, og Ásbjörn Sigurjónsson, Álafossi. Varastjórn: Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir, Þingholtsstræti 22, Rvík, og Sigríður Sigurjónsdóttir, Hurðarbaki, Borgarfirði.

p. t. Reykjavík, 6. sept. 1949.
Sigurjón Pétursson.
Pétur Sigurjónsson.
Ásbjörn Sigurjónsson.

119.
Hinn 6. jan. s. l. var haldinn aðalfundur í hlutafélaginu Klæðaverksmiðjunni Álafossi h.f., Álafossi, Mosfellssveit. Allir hluthafar voru mættir á fundinum.

Í stjórn félagsins voru kosnir:
Sigurjón Pétursson, Álafossi, form., og meðstjórnendur þeir Pétur Sigurjónsson, og Ásbjörn Sigurjónsson, báðir til heimilis á Álafossi. Til vara: Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir, frú, Þingholtsstræti 22, Reykjavík.

Sigurjón Pétursson, form.

120.
Stjórn Steypustöðvarinnar, Rvík, skipa þessir menn: Sigurgeir Sigurjónsson,

252 Skaftahlíð 9, formaður. Meðstjórnendur: Hallgrímur Benediktsson, stórkaupm., Fjólugötu 1, Jóhannes Bjarnason, verkfr., Víðimel 59, Halldór Jónsson, arkitekt, Laufásvegi 53, og Bolli Thoroddsen, Miklubraut 62. Varasjórn: Othar Ellingsen, Gunnarsbraut 40, Árni Oddsson, Barónsstíg 63, og Sigurður Helgason, Hringbraut 91.

Þá tilkynnist enn fremur, að á stjórnarfundi í félaginu hinn 4. ágúst 1949, var Sigurði Helgasyni, framkvstj., Hringbraut 91 hér í bænum, veitt prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Steypustöðin h.f.
Sigurður Helgason.
Reykjavík, 15. ágúst 1949.
Sigurgeir Sigurjónsson.
Jóhannes Bjarnason.
Halldór H. Jónsson.
Sigurður Helgason.
Othar Ellingsen.

121.

Ég undirritaður, Bergsveinn Sturlaugsson, Skeggjagötu 3, Rvík, hef hinn 13. júlí s. l. gengið úr firmanu Húsgagnaverzluninni „Atoma" hér í bænum, og eru mér skuldbindingar firmans óviðkomandi frá þeim tíma.

Reykjavík, 9. sept. 1949.
Bergsveinn Sturlaugsson.

Samkvæmt ofanrituðu hefur Bergsveinn Sturlaugsson, Skeggjagötu 3, Rvík, gengið úr firmanu Húsgagnaverzluninni „Atoma" hinn 13. júlí s. l., og ber ekki ábyrgð á skuldbindingum firmans frá þeim tíma. Jafnframt tilkynnist, að meðundirritaður Jón Guðmundsson, Grettisgötu 57, hefur frá sama tíma gengið inn í firmað, sem fullábyrgur félagi. Firmað ritum við þannig:

Húsagagnaverzlunin Atoma
Halldór Magnússon.
Jón Guðmundsson.
Reykjavík, 9. sept. 1949.
Halldór Magnússon,
Lönguhlíð 9.
Jón Guðmundsson,
Grettisgötu 57.

122.

Hér með tilkynnist, að á stjórnarfundi Humals h.f. í Reykjavík, sem haldinn var 6. sept. s. l., var Gunnar Á. Ingvarsson, Bergþórugötu 33, Rvík, ráðinn framkvæmdastjóri félagsins með prókúruumboði. Frá sama tíma lætur Guðmundur Kristjánsson, Mávahlíð 25, af framkvæmdastjórn félagsins, og prókúruumboð hans afturkallast. Hinn nýi prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Humall h.f.
Gunnar Á. Ingvarsson.
Reykjavík, 6. sept. 1949.
Guðm. H. Kristjánsson.
Vigdís Eiríksdóttir.
Sigurlaug M. Jónsdóttir.

123.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hef selt firma það, er ég rak sem einkaeign með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Sendibílastöðin, til Sendibílastöðvarinnar h. f., og óskast firmað því afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 30. júní 1949.
Kristján Fr. Guðmundsson.

124.

Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Sæmundur Sæmundsson, Njálsgötu 48 A, hefur haft fyrir verzlanir mínar.

Reykjavík, 10. sept. 1949.
Kiddabúð.
Kristján Jónsson.

125.

Á stjórnarfundi Sambands íslenzkra byggingarfélaga (Samvinnu- og verkamannabústaða), sem haldinn var í dag, var samþykkt að veita Borgþóri Björnssyni, Barmahlíð 16, Rvík, prókúruumboð fyrir félagið og var hann jafnframt ráðinn framkvæmdarstjóri þess. Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð fyrrverandi framkvæmdarstjóra félagsins, Guðlaugs Rósinkranz. Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Samband ísl. byggingarfélaga
(Samvinnu- og verkamannabústaða).
Borgþór Björnsson.
Reykjavík, 2. maí 1949.

Stjórn Sambands ísl. byggingarfélaga (Samvinnu- og verkamannabústaða).
Óskar Jónsson.
Guðl. Rósinkranz.
Valtýr Guðjónsson.

126.
Við undirritaðir, Óli S. Hallgrímsson, Stórholti 24, Jón Guðmundsson, Ljósvallagötu 22, og Hallgrímur Hallgrímsson, Hjallavegi 25, — allir í Reykjavík, rekum sem fullábyrgir félagar bifreiðaviðgerðarverkstæði í Reykjavík, undir nafninu Bílaviðgerðaverkstæði Óla Hallgrímssonar & Co. Firmað ritum við allir sameiginlega þannig:
Bílaviðgerðaverkstæði
Óla Hallgrímssonar & Co.
Óli Hallgrímsson.
Jón Guðmundsson.
Hallgrímur Hallgrímsson.
Prókúruumboð hefur Óli S. Hallgrímsson, og ritar hann firmað þannig:
pr. pr. Bílaviðgerðarverkstæði
Óla Hallgrímssonar & Co.
Óli Hallgrímsson.
Reykjavík, 7. október 1949.
Óli Hallgrímsson.
Jón Guðmundsson.
Hallgrímur Hallgrímsson.

127.
Við óskum hér með eftir, að firmað Gildaskálinn verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur, þar sem firmað er hætt störfum.
Reykjavík, 5. október 1949.
Ragnar Þórðarson.
Halldór S. Rafnar.

128.
Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á almennum félagsfundi, sem haldinn var í Borgartúni hf., var 3. grein félagslaganna breytt þannig, að greinin er nú svo hljóðandi: Tilgangur félagsins er að hafa með höndum útgerð, kaup og sölu sjávarafurða og annan skyldan atvinnurekstur.
Reykjavík, 8. október 1949.
Borgartún h.f.
Oddur Helgason.
Gunnar Guðmundsson.

129. 252
Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður hef afsalað firmanu Ewald Berndsen & Co., Reykjavík, þeim Njáli Ingjaldssyni, Vesturgötu 23, og Jóni Ólafssyni, Grenimel 24 hér í bænum, og eru allar skuldbindingar firmans frá og með deginum í dag að telja mér óviðkomandi.
Reykjavík, 21. sept. 1949.
Ewald Berndsen.

Samkvæmt ofanrituðu þá höfum við undirritaðir keypt firmað Ewald Berndsen & Co. hér í bæ af Ewald Berndsen, Grenimel 20, og rekum firmað framvegis undir sama nafni, en eingöngu sem saumastofu frá 21. september 1949 að telja, með ótakmarkaðri ábyrgð beggja. Firmað ritum við hvor í sínu lagi þannig:
Ewald Berndsen & Co.
Jón Ólafsson.
Ewald Berndsen & Co.
Njáll Ingjaldsson.
Reykjavík, 21. sept. 1949.
Jón Ólafsson.
Njáll Ingjaldsson.

130.
Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að við höfum veitt fulltrúa okkar, Knud Kaaber, Laugavegi 137, Rvík, prókúruumboð fyrir Heildverzlun Árna Jónssonar h.f., og ritar hann firmað þannig:
pr. pr. Heildverzlun
Árna Jónssonar h.f.
Knud Kaaber.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem Ólöf Björnsdóttir hefur haft fyrir félagið.
Reykjavík, 4. okt. 1949.
Heildverzlun Árna Jónssonar h.f.
Árni Jónsson.
Stefanía Stefánsdóttir.

131.
Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við, sem erum einkaerfingjar Ágústs Ármann, sem lézt hinn 19. júlí s. l., viðurkennum eignarrétt Karls

252 Magnúsar Ármann, Klapparstíg 38, að hluta Ágústs Ármanns í firmanu Ágúst Ármann, heildverzlun, en það er helmingur firmans samkvæmt félagssamningi milli Ágúst og Karls Magnúsar Ármann.

Reykjavík, 1. okt. 1949.
Aðalheiður Ármann.
Katrín M. Ármann.

Samkvæmt ofanskráðu tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Karl Magnús Ármann, Klapparstíg 38, rek einn sem fullábyrgur eigandi firmað Ágúst Ármann, heildverzlun, sem við Ágúst Ármann höfðum rekið í sameiningu sem fullábyrgir félagar samkv. félagssamningi fram að láti hans hinn 19. júlí 1949. Ég rek firmað áfram undir sama nafni og rita það þannig:

Ágúst Ármann heildverzlun
Magnús Ármann.
Reykjavík, 1. okt. 1949.
Karl Magnús Ármann,
Klapparstíg 38, Rvík.

132.
Ég undirritaður, Björn Jónsson, kaupmaður, Bræðraborgarstíg 12, Rvík, tilkynni hér með, að ég hef selt kaupmanni Hans P. Christensen, Bólstaðarhlíð 13, Reykjavík, mat- og nýlenduvöruverzlun mína að Vesturgötu 28, Rvík. Hef ég leyft nefndum Hans að starfrækja verzlunina áfram undir firmanafninu Verzlun Björns Jónssonar. Skuldbindingar firmans frá 8. nóvember 1948 og síðar eru mér óviðkomandi.

Reykjavík, 31. ágúst 1949.
Björn Jónsson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt Verzlun Björns Jónssonar, Vesturgötu 28, og rek ég hana framvegis undir óbreyttu nafni og með ótakmarkaðri ábyrgð, og hef gert frá 8. nóvember 1948. Firmað rita ég þannig:

Verzlun Björns Jónssonar.
Hans P. Christiansen.
Reykjavík, 31. ágúst 1949.
Hans P. Christiansen.

133.
Við undirritaðir, Ari Guðmundsson, Miðtúni 18, Rvík, og Runólfur Elínusson, Hvoli, Seltjarnarnesi, kaupum og seljum nýjar og notaðar vörur, bíla o. fl., hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Bíla- og vörusalan. Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

Bíla- og vörusalan.
Ari Guðmundsson.
Bíla- og vörusalan.
Runólfur Elínusson.
Reykjavík, 14. október 1949.
Ari Guðmundsson.
Runólfur Elínusson.

134.
Hér með tilkynnist, að Skartgripaverzlun Aðalbjörns Péturssonar hættir störfum 30. september 1949, og óskast því nafn hennar fellt niður af firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 27. sept. 1949.
Aðalbj. Pétursson.
Óskar G. Sigurðsson.

135.
Hér með tilkynnist firmaskrá Reykjavíkur, að stofnað hefur verið hér í bænum sameignarfélag undir nafninu Yrkjuvélar s.f. Ætlunarverk félagsins er að reka verzlun með landbúnaðarvélar. — Eigendur Yrkjuvéla s.f. eru: Jón Loftsson, stórkaupm., Hávallagötu 13, Kristján G. Gíslason, stórkaupm., Sóleyjargötu 3, Jón Loftsson h.f., Reykjavík og Kristján G. Gíslason & Co. h.f., Reykjavík. Þeir Jón Loftsson og Kristján G. Gíslason bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, en auk þessa ábyrgjast Jón Loftsson h.f. og Kristján G. Gíslason & Co. h.f. skuldbindingar þess með eignum sínum. Hvor þeirra Jóns Loftssonar og Kristján G. Gíslasonar hefur rétt til að skuldbinda Yrkjuvélar s.f. með undirskrift sinni og er undirskriftum háttað svo sem hér segir:

Yrkjuvélar s.f.
Jón Loftsson.

Yrkjuvélar s.f.
K. G. Gíslason.
Reykjavík, 22. sept. 1949.
K. G. Gíslason.
Jón Loftsson.
Jón Loftsson h. f.
Jón Loftsson.
Jón Sig. Guðmundsson.
Kristján G. Gíslason & Co. h.f.
K. G. Gíslason.
Lárus G. Lúðvígsson.

136.
Vátryggingarskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar hættir störfum frá og með 1. október n. k., þar sem samnefnt hlutafélag hefur tekið við allri starfsemi þess frá þeim tíma. Óskast því firmað afskráð úr firmaskrá Reykjavíkur.
Reykjavík, 30. sept. 1949.
Sigfús Sighvatsson.

137.
Með því að Kornmyllan h.f., Reykjavík, er hætt störfum, og félagsslitum er lokið, óskast nafn félagsins afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.
Reykjavík, 9. sept. 1949.
Í skilanefnd Kornmyllunnar h.f.
G. G. Gíslason.
Carl Olsen.

138.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Rvíkur, að ég undirritaður, Sveinn M. Sveinsson, Tjarnargötu 36, Rvík, rek iðnaðarfyrirtæki í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Timburverksmiðjan s.f. og rita það þannig.
Timburverksmiðjan s.f.
Sv. M. Sveinsson.

Meðundirritaður Haraldur Sveinsson, Kjartansgötu 8, Rvík, er samlagsfélagi með kr. 10000.00.
Reykjavík, 1. okt. 1949.
Sv. M. Sveinsson.
Har. Sveinsson.

139.
Á almennum hluthafafundi, sem haldinn var í Skálholtsprentsmiðju h.f. miðvikudaginn 19. þ. m., var samþykkt með 252
samhljóða atkvæðum að slíta félaginu. Með tilvísun til þessarar samþykktar leyfum við okkur hér með að fara þess á leit, að félagið verði afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.
Reykjavík, 20. október 1949.
G. Guðjónsson.
Unnur Magnúsdóttir.

140.
Við undirritaðir, Brynjólfur Magnússon, bókbandsmeistari, Egilsgötu 14, og Magnús Brynjólfsson, bókbindari, Hringbraut 45, báðir í Reykjavík, tilkynnum hér með, að við rekum bókbandsvinnustofu í Reykjavík undir firmanafninu Nýja bókbandið s.f. Fyrirtækið rekum við í sameiningu og erum báðir fullábyrgir félagar. Hið nýja firma tekur til starfa frá og með áramótum 1949 og 1950. Firmað hefur hvor okkar um sig rétt til að rita, og ritum við það þannig.
Nýja bókbandið s.f.
Brynj. Magnússon.
Nýja bókbandið s.f.
Magnús Brynjólfsson.
Reykjavík, 21. október 1949.
Brynj. Magnússon.
Magnús Brynjólfsson.

141.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Rvíkur, að ég undirritaður, Lárus Hermannsson, Sörlaskjóli 38, Reykjavík, rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum með gamla og nýja muni undir nafninu Kaup og sala. Firmað rita ég þannig:
Kaup og sala.
Lárus Hermannsson.
Reykjavík, 31. ágúst 1949.
Lárus Hermannsson.

142.
Hér með tilkynnist, að ég undirritaður, Hans P. Christiansen, Bólstaðarhlíð 13, Rvík, hef selt Danival kaupmanni Danivalssyni frá Keflavík mat- og nýlenduvöruverzlun mína, er ég hef rekið að Vesturgötu 28, Reykjavík, undir firmanafninu Verzlun Björns Jónssonar. Einnig hef ég heimilað Danival firmanafnið Verzlun

252 Björns Jónssonar, er honum ber, sbr. 13. gr. laga nr. 42 1903 að rita þannig: Verzlun Björns Jónssonar e.m. Skuldbindingar firmans frá 1. okt. 1949 og síðar eru mér óviðkomandi.

Reykjavík, 1. október 1949.
Hans P. Christiansen.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt Verzlun Björns Jónssonar, Vesturgötu 28, Reykjavík, og rek ég hana framvegis undir sama nafni með viðbótinni e.m., sbr. 13. gr. l. nr. 42 1903. Verzlunina rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð frá og með deginum **í dag að telja.**

Firmað rita ég þannig:

Verzlun Björns Jónssonar e.m.
Danival Danivalsson.

Reykjavík, 1. október 1949.
Hans P. Christiansen.
Danival Danivalsson.

143.

Við undirritaðir, Páll Bjarnason, prentari, Bræðraborgarstíg 21 C, og Ingvar Bjarnason, prentari, Ferjuvogi 17, báðir hér í bæ, rekum prentsmiðju hér í bæ undir firmanafninu Þórsprent s.f. Við berum ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Þórsprent s.f.
Páll G. Bjarnason.
Ingvar Bjarnason.

Prókúru fyrir firmað hefur Páll G. Bjarnason, og ritar hann það þannig:

p. p. Þórsprent s.f.
Páll G. Bjarnason.

Reykjavík, 18. okt. 1949.
Páll G. Bjarnason.
Ingvar Bjarnason.

144.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður, Björgvin Frederiksen, Lindargötu 50, Reykjavík, rek verzlun hér í bænum á eigin ábyrgð með hvers konar sjálfvirka hluti, sem notaðir eru í sambandi við sjálfvirk kæli-, hita-, þrýstilofts- og rafmagnstæki, undir nafninu Automatik. Firmað rita ég þannig:

Automatik.
B. Frederiksen.

Reykjavík, 18. okt. 1949.
B. Frederiksen.

145.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Rvíkur, að við undirritaðar, Katrín M. Ármann og Aðalheiður H. Ármann, sem erum löglegir erfingjar Ágústs Ármann, er lézt 19. júlí s. l., höfum selt Kristjáni Björnssyni, Laugavegi 137, Reykjavík, eignarhluta Ágústs Ármann í Skógerðinni „Sóli". Nafn Ágústs Ármann óskast því afmáð úr firmaskránni.

Reykjavík, 15. október 1949.
Katrín M. Ármann,
Klapparstíg 38, Rvík.
Aðalheiður H. Ármann,
Miklubraut 72, Rvík.

Samkv. ofanrituðu tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Kristján Björnsson, Laugavegi 137, Rvík, hef keypt eignarhluta Ágústs Ármann í Skógerðinni „Sóli" og rek fyrirtækið áfram sem fullábyrgur eigandi ásamt þeim Karli Magnúsi Ármann, Klapparstíg 38, og Sigurði Björnssyni, Sogavegi 140 B.

Reykjavík, 15. október 1949.
Kristján Björnsson,
Laugav. 137, Rvík.

146.

Ég undirrituð, Áslaug Benjamínsdóttir, Drápuhlíð 1, Rvík, rek blómaverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Blómaverzlunin Prímúla. — Firmað rita ég þannig:

Blómaverzlunin Prímúla.
Áslaug Benjamínsdóttir.

Reykjavík, 5. nóvember 1949.
Áslaug Benjamínsdóttir.

147.

Við undirritaðir, **Edvard Bjarnason,** Kjartansg. 1, og Sigurður Jónsson, Auðarstræti 11, rekum, sem fullábyrgir félagar, brauða- og kökugerð að Miklubraut 68, Reykjavík, undir nafninu Hlíðabakarí.

Hvor okkar um sig hefur rétt til að rita firmað þannig:

Hlíðabakarí.
Edvard Bjarnason.
Hlíðabakarí.
Sigurður Jónsson.

Reykjavík, 4. nóvember 1949.
Edvard Bjarnason.
Sigurður Jónsson.

148.

Það tilkynnist hér með, að meðundirritaður Bernhard A. F. Wiencke, kaupmaður, Kópavogshreppi, hefur frá 1. nóv. 1949 að telja gengið úr firma okkar Guðna Theodorssyni & Co. hér í bænum.

Reykjavík, 3. nóv. 1949.
Guðni Þ. Theodórsson.
Harry Schrade.
Bernhard Wiencke.

149.

Á aðalfundi Hofteigs h.f. 10. þ. m. voru kosin í stjórn félagsins: Marta Einarsdóttir, frú, Laugavegi 20, Rvík, formaður, Ingvar Sigurðsson, cand. phil., s. st., varaformaður, og Einar Ingvarsson, stud. jur., s. st., en til vara Kristín Ingvarsdóttir, ungfrú, s. st., og Anna Ragnheiður Ingvarsdóttir, ungfrú, s. st. Framkvæmdastjóri félagsins er ráðinn Einar Ingvarsson, og hefur hann prókúru fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Reykjavík, 11. nóvember 1949.
Stjórn Hofteigs h.f.
Marta Einarsdóttir.
Ingvar Sigurðsson.
Einar Ingvarsson.

150.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Rvíkur, að við undirritaðar, Þrúður B. Ólafsdóttir, Grenimel 7, Reykjavík, og Auður Jónasdóttir, Ásvallagötu 11, Reykjavík, höfum, hinn 1. sept. s. l. selt Árnýju Guðmundsdóttur, Þórsgötu 7, Rvík, Hattaverzlun Þrúðar Ólafsdóttur & Co. hér í bæ, og eru allar skuldbindingar verzlunarinnar frá og með þeim degi okkur algerlega óviðkomandi. 252

Reykjavík, 10. sept. 1949.
Þrúður Ólafsdóttir.
Auður Jónasdóttir.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirrituð keypt firmað Hattaverzlun Þrúðar Ólafsdóttur & Co. hér í bænum og rek fyrirtækið framvegis sem einkaeigandi með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Hattabúðin Huld.

Firmað rita ég þannig:

Hattabúðin Huld.
Árný Guðmundsdóttir.

Reykjavík, 10. sept. 1949.
Árný Guðmundsdóttir.

151.

Hér með tilkynnist, að við undirritaðir höfum selt Herbert Sigurjónssyni bakarameistara, Steinholti við Laugarásveg hér í bænum, firma okkar, Höfðabakarí, Samtúni 26, Reykjavík.

Reykjavík, 4. nóvember 1949.
Edvard Bjarnason.
Sigurður Jónsson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt Höfðabakarí af þeim Edvard Bjarnasyni, Kjartansg. 1, og Sigurði Jónssyni, Auðarstræti 11, Reykjavík, og rek firmað framvegis með sama nafni með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Höfðabakarí.
Herbert Sigurjónsson.

Reykjavík, 4. nóvember 1949.
Herbert Sigurjónsson.

152.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Rvíkur, að ég undirritaður, Karl Lúðvíksson, Egilsgötu 24, hef gengið úr firmanu Verzl. Áhöldum frá 2. júlí s. l. að telja, og eru mér því óviðkomandi skuldbindingar firmans frá þeim tíma.

Reykjavík, 22. sept. 1949.
Karl Lúðvíksson.

Samkv. ofanrituðu er ég undirrituð, Guðný Jónsdóttir, einkaeigandi að Verzl.

252 Áhöldum hér í bænum frá 2. júlí s. l., og rek því firmað á eigin ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

F. h. Verzl. Áhöld.
Guðný Jónsdóttir.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem Karl Lúðvíksson hefur haft fyrir nefnda verzlun.

Reykjavík, 22. sept. 1949.
Guðný Jónsdóttir.

153.

Það tilkynnist hér með, að á framhaldsaðalfundi í h.f. Gosa, sem haldinn var 15. sept., gekk Arnór Kristjánsson, Skólavörðustíg 10, úr stjórn félagsins, en í stað hans var kjörinn Unnsteinn Beck, lögfræðingur, Vífilsgötu 6, Reykjavík.

Reykjavík, 2. nóv. 1949.
Steinar Guðmundsson.
Unnsteinn Beck.

154.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir Sigurður G. Norðdahl, Miðtúni 26, Reykjavík og Jens Guðbjörnsson, Auðarstræti 9, Reykjavík, rekum kvikmyndatöku og kvikmyndaútlán og annan skyldan atvinnurekstur hér í bænum undir nafninu Fréttamyndir s/f. Firmað ritar Sigurður G. Norðdahl einn þannig:

Fréttamyndir s/f.
Sigurður G. Norðdahl.
Reykjavík, 15. nóv. 1949.
Jens Guðbjörnsson, Auðarstræti 9.
Sigurður G. Norðdahl, Miðtúni 26.

155.

Hér með tilkynnist, að á auka-aðalfundi Tóbakshússins h.f. í dag var Rannveig Hafberg, Spítalastíg 1 kjörin formaður félagsins, en meðstjórnandi Magnús Hafberg, s. st. í stað Engilberts Hafbergs, sem nú er látinn. Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi var ráðinn Einar Jens Hafberg, Klapparst. 16 og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Tóbakshúsið h.f.
Einar J. Hafberg.
Reykjavík, 21. nóv. 1949.
Rannveig Hafberg.
Einar J. Hafberg.
Magnús Finnur Hafberg.

156.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð Guðrún Heiðberg hef selt ⅓ hluta úr verzluninni Goðafoss, Laugaveg 5, Reykjavík, frá síðustu áramótum meðundirritaðri Ásdísi S. Árnadóttur, Tjarnargötu 10 D, Reykjavík, og rekum við nefnda verzlun sem sameignarfélag og fullábyrgir félagar.

Firmað ritum við þannig hvor um sig:

Verzlunin Goðafoss.
Guðrún Heiðberg.
Verzlunin Goðafoss.
Ásdís S. Árnadóttir.
Reykjavík, 18. nóv. 1949.
Ásdís S. Árnadóttir.
Guðrún Heiðberg.

157.

Við undirritaðir Steinar Fr. Gíslason, járnsmiður, Einar Steinarsson, járnsm. og Hallgrímur Steinarsson, allir Vesturgötu 30, Reykjavík rekum í félagi kolsýruhleðsluvinnustofu og vélsmiðju í Reykjavík, undir firmanafninu Kolsýruhleðslan s.f. með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað ritar Steinar Gíslason ásamt öðrum hvorum meðeiganda.

Kolsýruhleðslan s.f.
Einar Steinarsson.
Steinar Fr. Gíslason.
Kolsýruhleðslan s.f.
Hallgrímur Steinarsson.
Steinar Fr. Gíslason.

Prókúru hefur Steinar Fr. Gíslason og ritar firmað þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Kolsýruhleðslan s.f.
Steinar Fr. Gíslason.
Reykjavík, 8. nóv. 1949.
Steinar Fr. Gíslason.
Einar F. Steinarsson.
Hallgrímur Steinarsson.

158.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að Magnús Guðbjartsson, Blómvallagötu 11, Reykjavík hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri með prókúruumboði fyrir Olíuhreinsun-

arstöðina h.f. í Reykjavík í stað Óskars Magnússonar. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Olíuhreinsunarstöðin h.f.
Magnús Guðbjartsson.

Varastjórnandi: Jón Sigurðsson, Kirkjuteigi 31, Reykjavík.

Þá tilkynnist enn fremur, að Cæsar Mar, Leifsgötu 7, Reykjavík hefur verið veitt prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Olíuhreinsunarstöðin h.f.
Cæsar Mar.

Reykjavík, 16. nóv. 1949.
Aðalsteinn Björnsson, form.
Sigurður Jónsson.
Jón Sigurðsson, varam.

159.

Á aðalfundi hlutafélagsins Viktoríu 29. nóv. 1949 voru kosnir í stjórn félagsins þeir Egill Thorarensen, kaupfélagsstjóri, Selfossi, formaður, Jón Sigurðsson, skipstjóri, Fjólugötu 21, og Ingvar Vilhjálmsson, útgerðarm., Hagamel 4, meðstjórnendur. Þá var ráðinn framkvæmdastjóri félagsins Egill Thorarensen í stað Ingvars Vilhjálmssonar, og hefur hann prókúruumboð fyrir félagið, og er undirskrift hans þannig:

pr. pr. H.f. Viktoría.
Egill Thorarensen.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem Ingvar Vilhjálmsson hefur haft fyrir félagið. Varastjórnandi: Sigurður Óli Ólafsson, Selfossi.

Reykjavík, 29. nóv. 1949.
Í stjórn Viktoríu h.f.
Egill Thorarensen.
Jón Sigurðsson.
Ingvar Vilhjálmsson.

160.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir Jón Eyjólfsson (frá Stykkishólmi), Blönduhlíð 2, Rvík, og Eyjólfur K. Jónsson, s. st., rekum verzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar undir nafninu Jónsbúð. Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

Jónsbúð.
Jón Eyjólfsson.

Jónsbúð. 252
Eyjólfur K. Jónsson.

Reykjavík, 6. des. 1949.
Jón Eyjólfsson.
Eyjólfur K. Jónsson.

161.

Þar sem firma mitt, Gufupressan Stjarnan hefur verið selt samnefndu hlutafélagi, óskast það afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 6. des. 1949.
Elly Salómonsson.

162.

Hér með tilkynnist, að undirritaðir erfingjar í dánarbúi Frederiks A. H. Blomsterberg, höfum í dag selt Christian H. Christensen, Klömbrum hér í bæ, eignarhluta dánarbúsins í Kjöthöllin s/f hér í bæ frá og með 17. nóv. 1949. Eru okkur allar skuldbindingar firmans frá þessum tíma óviðkomandi.

Reykjavík, 30. nóv. 1949.
Annelise Blomsterberg.
Bjarni Blomsterberg.
Andrés Blomsterberg.
Niels M. Blomsterberg.
Hans Blomsterberg.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt hluta dánarbús Frederiks A. H. Blomsterbergs í Kjöthöllin s/f hér í bæ og rek ég firmað framvegis einn á mína ábyrgð með sama nafni.

Rita ég firmað þannig:

Kjöthöllin.
Chr. Christensen.

Reykjavík, 30. nóv. 1949.
Chr. Christensen.

163.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð Helgi Eiríksson, skrifststj., Tjarnarg. 11 hér í bæ, Björn Eiríksson, forstj., s. st. og Guðrún Eiríksdóttir de Fontenay, sendiherrafrú, Ankara, Tyrklandi, rekum fasteign okkar Tjarnargötu 11 hér í bænum sem fullábyrgir félagar undir nafninu Tjarnargata 11 s/f.

252 Firmað ritar meðundirritaður einn þannig:

Tjarnargata 11 s/f.
H. Eiríksson.
Reykjavík, 8. des. 1949.
F. h. Guðr. de Fontenay.
H. Eiríksson.
H. Eiríksson.
Björn Eiríksson.

164.

Samkvæmt hjálögðu umboði Livstrygdelaget Andvake, lutlag, Oslo og að öðru leyti eftir áður gildandi umboði, leyfi ég mér hér með að óska þess að Livstrygdelaget Andvake, lutlag Líftryggingafélagið Andvaka h.f. Íslandsdeildin sé afskráð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Í sambandi við beiðni þessa skal þess getið, að Líftryggingafélagið Andvaka, gagnkvæm tryggingarstofnun í Reykjavík, hefur tekið við réttindum og skyldum Íslandsdeildar Livstrygdelaget Andvage lutlag Oslo, hér á landi.

Reykjavík, 9. des. 1949.
Líftryggingafélagið Andvaka h.f.
Íslandsdeildin.
Jón Ólafsson, forstjóri.

165.

Á aðalfundi Landsútgáfunnar h.f. 13. nóv. 1949 var samþykkt lagabreyting um að auka hlutafé félagsins úr kr. 90 000.00 níutíu þúsund krónum upp í 360 000.00 þrjú hundruð og sextíu þúsund krónur — og að stjórn félagsins skuli framvegis skipa fimm menn í stað þriggja áður, enn fremur að félagsfundur skuli boðaður með 13 daga fyrirvara, hluthöfum erlendis í ábyrgðarbréfi flugleiðis eða með símskeyti og öðrum hluthöfum á annan sannanlegan hátt með 13 daga fyrirvara og loks að undirskrift formanns og tveggja meðstjórnenda sé nægilegt til að skuldbinda félagið.

Á framhaldsaðalfundi félagsins 1. des. 1949 voru kosin í stjórn: Jón Leifs, Bókhlöðustíg 2, formaður, Ólafur Eiríksson, Hringbr. 82, Magnús Þorgeirsson, Skólavörðust. 3., Snæbjörn Kaldalóns, Laugavegi 92 og Þórey Þorleifsdóttir, Bókhlöðust. 2, öll í Reykjavík. Sem varaform. í stjórn var kjörinn Ragnar Jónsson, Barónstíg 12, Reykjavík Greitt hlutafé er 240 000.00 tvö hundruð og fjörutíu þúsund krónur — en 120 000.00 eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — innheimtist þegar stjórnin krefst.

Reykjavík, 13. des. 1949.
Jón Leifs.
Ólafur Eiríksson.
Magnús Þorgeirsson.
Snæbj. Kaldalóns.
Þórey Þorleifsdóttir.

166.

Á fundi í stjórn Líftryggingafélagsins Andvaka, gagnkvæm tryggingarstofnun, sem haldinn var í Sambandshúsinu í Reykjavík þriðjudaginn 13. des. 1949, samþykkti félagsstjórnin að ráða Jón Ólafsson, lögfræðing, Suðurgötu 26, Rvík, sem framkvæmdastjóra félagsins með prókúruumboði og skrifar hann firmað þannig:

pr. pr.
Líftryggingafélagið Andvaka g/t.
Jón Ólafsson.

Jafnframt samþykkti félagsstjórnin að veita Erlendi Einarssyni, Bólstaðarhlíð 3, Rvík, prókúruumboð fyrir félagið og ritar hann firmað þannig:

pr. pr.
Líftryggingafélagið Andvaka g/t.
E. Einarsson.
Reykjavík, 13. des. 1949.
Í stjórn
Líftryggingafélagsins Andvaka g/t.
Vilhjálmur Þór.
Karvel Ögmundsson.
Ísleifur Högnason.
Kjartan Ólafsson.

167.

Mánudaginn 10. maí 1948 var haldinn hluthafafundur í H.f. Kjöt og Grænmeti og gengu þá úr stjórn félagsins Axel Björnsson, Drápuhlíð 34 og Katrín Júlíusdóttir, s. st., en í staðinn voru kosnar Guðfinna S. Björnsdóttir, Háteigsvegi 15 og Sigrún Árnadóttir, Fjölnisvegi 20 til vara. Fyrir voru í stjórninni Oddur Sig-

urðsson, Háteigsvegi 15 og Hreggviður Magnússon, Fjölnisvegi 20.

Reykjavík, 10. nóv. 1949.
Oddur Sigurðsson.
Hreggviður Magnússon.
Guðfinna S. Björnsdóttir.
Sigrún Árnadóttir.

168.

Á fundi Langholts h.f., Reykjavík, urðu stjórnarskipti í félaginu og skipa nú stjórn félagsins þessir menn: Höskuldur Jóhannesson, Drápuhlíð 48, Rvík, form. Meðstjórnedur: Guðbjörg Þórðardóttir, Drápuhlíð 48 og Hákon Jóhannsson, Karfavogi 35. Varastjórnandi er Halldór Jóhannesson, Hverfisgötu 18, Hafnarfirði. Framkvæmdastj. með prókúruumboði var ráðinn Höskuldur Jóhannesson, Drápuhlíð 48 og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Langholt h.f.
Höskuldur Jóhannesson.

Prókúruumboð Arngr. Fr. Bjarnasonar afturkallast hér með.

Reykjavík, 18. des. 1949.
Höskuldur Jóhannesson.
Guðbjörg Þórðardóttir.
Hákon Jóhannsson.

169.

Á hluthafafundi í Bókaútgáfunni Skuggsjá h.f. 29. nóv. s. l., var félaginu slitið og eru það tilmæli stjórnarinnar, að það verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík 8. des. 1949.
Arngr. Kristjánsson.
Jónas B. Jónsson.
F. R. Valdimarsson.

170.

„Menningarsjóður" rekur á sína ábyrgð bókaútgáfu, verzlun með bækur, skólavörur og skyldar vörur undir nafninu „Bókaútgáfa Menningarsjóðs". Heimili fyrirtækisins er í Reykjavík. Um samþykktir fyrirtækisins sjá lög um Menningarsjóð nr. 34 frá 7. maí 1928 og síðari breytingar á þeim lögum. Menntamálaráð Íslands hefur á hendi stjórn fyrirtækisins, og er það nú skipað eftirtöldum mönnum: Valtý Stefánssyni, Pálma Hannessyni, Barða Guðmundssyni, Magnúsi Kjartanssyni og Vilhjálmi Þ. Gíslasyni. Firmað ritar meiri hluti stjórnenda þannig: 252

Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
Valtýr Stefánsson.
Magnús Kjartansson.
Barði Guðmundsson.

Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
Valtýr Stefánsson.
Pálmi Hannesson.
Vilhj. Þ. Gíslason o. s. frv.

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins með prókúruumboði er Jón Emil Guðjónsson, Túng. 47, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
Jón Emil Guðjónsson.

Tillög, sem lögð eru í félagið eru hin árlegu félagsgjöld, sem nema nú krónur 30.00 fyrir hvern félaga. Félagsmenn ábyrgjast ekki skuldir félagsins umfram tillög sín, enda er fyrirtækið rekið á ábyrgð Menningarsjóðs.

Reykjavík, 16. des. 1949.
Valtýr Stefánsson.
Magnús Kjartansson.
Pálmi Hannesson.
Barði Guðmundsson.
Vilhj. Þ. Gíslason.

171.

Hinn 3. nóv. 1949 var fundur haldinn í stjórn Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h.f. Var kosinn formaður í stað Haraldar heitins Árnasonar og hlaut kosningu Árni Haraldsson, Harrastöðum við Skerjafjörð.

Reykjavík, 15. nóv. 1949.
Í stjórn
Heildverzlunar Haraldar Árnasonar.
Árni Haraldsson.
Kristján L. Gestsson.
Páll Kr. Árnason.

172.

Hinn 3. nóv. 1949 var fundur haldinn í stjórn Haraldarbúðar h.f.. Var þá kosinn formaður í stað Haralds heitins Árnasonar og hlaut kosingu Árni Haraldsson, Harrastöðum við Skerjafjörð. Einnig var

252 Árni Haraldsson kosinn framkvæmdastjóri félagsins.

Reykjavík, 15. nóv. 1949.
Í stjórn Haraldarbúðar h.f.
Árni Haraldsson.
Kristján L. Gestsson.
Páll Kr. Árnason.

II. Akranes.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Akraneskaupstaðar, að ég undirrituð hef í dag veitt Karli Magnúsi Ármann, Klapparstíg 38, Reykjavík, prókúruumboð fyrir Akraness apótek, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Akraness apótek.
Magnús Ármann.

Akranesi, 14. sept. 1949.
Fríða Proppé.

III. Mýra og Borgarfjarðarsýsla.

Á aðalfundi Kaupfélags Borgfirðinga 29. apríl s. l., var Jón Steingrímsson, sýslumaður í Borgarnesi, kosinn í stjórn félagsins, og er stjórn þess nú skipuð þessum mönnum:

Jón Hannesson, bóndi, Deildartungu, formaður. Meðstjórnendur: Davíð Þorsteinsson, hreppstjóri, Arnbjargarlæk, Guðmundur Jónsson, hreppstjóri, Hvítárbakka, Jón Steingrímsson, sýslumaður, Borgarnesi, Sverrir Gíslason, hreppstjóri, Hvammi.

p. p. Kaupfélag Borgfirðinga.
Þ. Pálmason.

IV. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

Ég undirritaður, Vigfús Vigfússon, trésmiður í Ólafsvík, geri kunnugt, að ég er genginn úr sameignarfélaginu Trésmiðjan Björk í Ólafsvík, og tekur meðeigandi minn, Böðvar Bjarnason, trésmíðameistari í Ólafsvík, við öllum skyldum og skuldbindingum firmans frá 1. jan. 1949. Eru því allar skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá þeim degi.

Ólafsvík, 20. sept. 1949.
Vigfús Kr. Vigfússon.

Með því að Vigfús Vigfússon, trésmiður í Ólafsvík, er genginn úr firmanu Trésmiðjan Björk í Ólafsvík, rek ég trésmíðaverkstæðið áfram undir sama firmanafni, Trésmiðjan Björk í Ólafsvík, með ótakmarkaðri ábyrgð, og ber ég einn ábyrgð á skuldbindingum firmans frá 1. jan. 1949.

Ólafsvík, 20. sept. 1949.
Böðvar Bjarnason.

V. Dalasýsla.

Stjórnendur og prókúruhafi h.f. Gautastaða skuldbinda félagið þannig:

Gautastaðir h.f.
Lárus Blöndal.
Guðrún Blöndal.
Gautastaðir h.f.
Lárus Blöndal.
Óli Blöndal.
Gautastaðir h.f.
Guðrún Blöndal.
Óli Blöndal.

VI. Barðastrandarsýsla.

1.

Við undirritaðir Páll Ágústsson og Sverrir Matthíasson, báðir til heimilis á Bíldudal, rekum í félagi smásöluverzlun á Bíldudal undir nafninu Verzlun Páls Ágústsson & Co., Bíldudal. Hvor okkar um sig hefur rétt til þess að skuldbinda firmað.

Firmað ritum við þannig:

Verzlun Páls Ágústssonar & Co.
Páll Ágústsson.
Verzlun Páls Ágústssonar & Co.
S. Matthíasson.

2.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Barðastrandarsýslu, að Bjarna Hannes-

syni, Bíldudal, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir Hraðfrystihús Suðurfjarðahrepps, Bíldudal, og ritar hann firmað þannig:
pr. pr. Hraðfrystihús Suðurfjarðahrepps.
Bjarni Hannesson.

Jafnframt afturkallast hér með prókúruumboð Kristjáns Árnasonar, sem honum var á sínum tíma veitt fyrir Hraðfrystihús Suðurfjarðahrepps.

Bíldudal, 1. apríl 1949.
Í hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps.
Skarphéðinn Gíslason.
Páll Hannesson.
Jón J. Maron.
Ásgeir Jónasson.
Jón G. Jónsson.

3.
Það tilkynnist hér með til firmaskrár Barðastrandarsýslu að á hluthafafundi er haldinn var í H.f. Gylfa, Vatneyri, 29. þ. m. og sóttur var af hendi allra hluthafa eða umboðsmanna þeirra, var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 300.000.00, eða úr kr. 200.000.00 í kr. 500.000.00. Hlutafjársöfnun er lokið og hlutaféð allt greitt.

Vatneyri, 30. apríl 1949.
Stjórn H.f. Gylfa.
Garðar Jóhannesson.
Friðþj. Jóhannesson.

4.
Það tilkynnist hér með til firmaskrár Barðastrandarsýslu, að á hluthafafundi er haldinn var í H.f. Verði, Vatneyri 29. þ. m. og sóttur var af hendi allra hluthafa eða umboðsmanna þeirra, var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 300.000.00, eða úr kr. 200.000.00 í kr. 500.000.00. Hlutafjársöfnun er lokið og hlutaféð allt greitt.

Vatneyri, 30. apríl 1949.
Stjórn H.f. Varðar.
Garðar Jóhannesson.
Friðþj. Jóhannesson.

5.
Með því að firmað Ó. Jóhannesson & Co., Vatneyri er hætt að starfa frá 1. janúar 1949 óskast það hér með afmáð úr firmaskrá Barðastrandarsýslu. 252

Vatneyri, 30. apríl 1949.
Stjórn Ó. Jóhannesson & Co.
Garðar Jóhannesson.
Friðþj. Jóhannesson.

6.
Á aðalfundi Vesturness h.f., Patreksfirði, 31. marz 1949 gengu úr stjórn félagsins: Svavar Jóhannsson, Pétur Guðmundsson og Gísli Snæbjörnsson. Úr varastjórn gekk Ólafur G. Ólafsson.

Kosnir voru: Ingvar Guðmundsson, Guðjón Ólafsson, Haraldur Jónsson og Helgi Guðmundsson, sem var endurkosinn. Í varastj. voru kosnir Jakob Ólafsson og Kristján Jóhannesson.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur rétt til að skipa einn mann í stjórnina.

Stjórn Vesturness h.f., Patreksfirði hefur veitt Helga Guðmundssyni prókúruumboð fyrir félagið. Um leið afturkallast prókúruumboð það, sem Ingólfur Arason hefur haft fyrir félagið.

Helgi Guðmundsson ritar þannig sem prókúruhafi:
pr. pr. Vesturnes h.f.
Helgi Guðmundsson.
Í stjórn Vesturness h.f.
Helgi Guðmundsson.
Guðjón Ólafsson.
Ingvar Guðmundsson.
Haraldur Jónsson.

7.
Við undirrituð tilkynnum hér með til firmaskrár Barðastrandarsýslu, að við rekum í félagi og sem sameign hænsnabú undir nafinu „Litla hænsnabúið".

Heimili þess er á Bíldudal.

Berum við bæði sameiginlega ábyrgð á búinu og skuldbindingum þess.

Firmað ritum við þannig:
Litla hænsnabúið
Sigríður Ágústsdóttir.
Litla hænsnabúið
Friðrik Valdimarsson.
Bíldudal, 8. sept. 1949.
Friðrik Valdimarsson.
Sigríður Ágústsdóttir.

252 **VI. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.**

1.

Stjórn Kaupfélags Dýrfirðinga, Þingeyri, skipa nú eftirtaldir menn:

Björn Guðmundsson, kennari, Núpi.
Eiríkur J. Eiríksson, skólastjóri, Núpi.
Jóhannes Davíðsson, bóndi, Neðri-Hjarðardal.
Einar Guðmundsson, bóndi, Bakka.
Stefán Guðmundsson, bóndi, Hólum.

pr. pr. Kaupfélag Dýrfirðinga.
Eiríkur Þorsteinsson.

2.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðar, að ég undirrituð hef hinn 1. þ. m. selt Rögnvaldi Jónssyni, Ísafirði, Verzlun J. S. Edwald db., og óskast því firmað strikað út af firmaskrá.

Ísafirði, 3. jan. 1949.
Sigrún Edwald.

Samkvæmt framanskráðu tilkynnist að ég undirritaður hef hinn 1. jan. s. l. keypt Verzlun J. S. Edwald db. hér í bæ, og mun framvegis reka hana undir nafninu Verzlun Rögnv. Jónssonar, og með ótakmarkaðri ábyrgð.

Ísafirði, 3. jan. 1949.
Rögnv. Jónsson.

3.

Hér með tilkynnist, að vér höfum veitt Eiríki kaupfélagsstjóra Þorsteinssyni á Þingeyri prókúruumboð — einum sér — fyrir Hraðfrystihús Dýrfirðinga, Þingeyri, sem er eign Kaupfélags Dýrfirðinga, varðandi öll málefni, er snerta þá starfsemi kaupfélagsins, sem rekin verður á nafni Hraðfrystihúss Dýrfirðinga.

Eiríkur Þorsteinsson ritar firmað eins og hér er sýnt:

pr. pr. Hraðfrystihús Dýrfirðinga.
Eiríkur Þorsteinsson.
Þingeyri, 27. desember 1948.
Jóhannes Davíðsson.
Bj. Guðmundsson.
Einar Guðmundsson.
Eiríkur J. Eiríksson.
Stefán Guðmundsson.

4.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að Verzlun Böðvars Sveinbjarnarsonar rekur með ótakmarkaðri ábyrgð veitingarekstur á Ísafirði, undir nafninu „Hressingarskálinn".

Rétt til þess að rita firmað og skuldbinda það hafa Böðvar Sveinbjarnarson, Ísafirði, og Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Ísafirði, hvor um sig, og gera þeir það þannig:

Hressingarskálinn.
Sveinbjörn Sveinbjörnsson.
Hressingarskálinn.
Böðvar Sveinbjarnarson.

Ísafirði, 18. jan. 1949.
Böðvar Sveinbjarnarson.
Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

5.

Guðmundur Pétursson, kaupm., Fjarðarstræti 29, Ísafirði, hefur frá 1. janúar 1949 selt Jóni Ö. Bárðarsyni, Sólgötu 8 s. st., eignarhluta sinn í:

Verzlun Guðm. Péturssonar, Ísafirði.
Verzluninni París, Ísafirði.
Verzluninni Bræðraborg, Ísafirði.

Kaupandi er einkaeigandi ofanskráðra fyrirtækja og tekur að sér allar skuldbindingar þeim viðvíkjandi frá sama tíma.

Frá sama tíma óskast nafn verzlunar Guðm. Péturssonar afmáð úr firmaskránni og verður hún framvegis rekin undir nafninu: Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, Ísafirði, en verzlanirnar París og Bræðraborg reknar undir sömu nöfnum og áður.

Ísafirði, 5. febr. 1949.
Guðm. Pétursson.
Jón Ö. Bárðarson.

6.

Á aðalfundi Ísfells h.f., Flateyri, sem haldinn var í Reykjavík 17. febrúar 1949, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Sveinbjörn Finnsson, frkvstj., Grettisgötu 69, Rvík, formaður, Baldvin Kr. Sveinbjörnsson, lyfjafr., Skólavörðustíg 21, Rvík og Ragnar Jakobsson, frkvstj., Flateyri, meðstjórnendur. Í vara-

stjórn var kosin Anna Vigdís Ólafsdóttir, frú, Skólavörðustíg 21, Rvík.

Reykjavík, 18. febrúar 1949.
Sveinbjörn Finnsson.
Baldvin Kr. Sveinbjörnsson.
Ragnar G. R. Jakobsson.

7.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi Ísfirðings h.f., sem haldinn var 28. apríl 1949, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Kjartan J. Jóhannsson, læknir, Austurvegi 2, og Matthías Bjarnason, framkvæmdastj., Hafnarstræti 14. Í varastjórn voru kosnir: Böðvar Sveinbjörnsson, framkvstj., Hafnarstr. 17, og Hannes Halldórsson, framkvstj., Smiðjugötu 2.

Fyrir voru í stjórninni: Ásberg Sigurðsson, lögfr., Austurvegi 7, Hannibal Valdimarsson, alþm., Skólagötu 10, og Haraldur Guðmundsson, skipstj., Mánagötu 9. Varamenn þeirra: Marzellíus Bernharðsson, skipasmíðameistari, Austurv. 7, Stefán Stefánsson, skósmiður, Tangagötu 16, og Halldór Ólafsson, bókavörður, Hlíðarvegi 29.

Ísafirði, 30. apríl 1949.
Ásberg Sigurðsson,
form.
Matthías Bjarnason,
varaform.
Halldór Ólafsson.
Kjartan J. Jóhannsson.
Stefán Stefánsson.

8.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Ísafjarðarsýslu, að á aðalfundi Frosta h.f., Súðavík, hinn 18. apríl s. l., voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Grímur Jónsson, útgm., formaður, Benóný Magnússon og Þorsteinn Þorleifsson, vélstjórar, meðstjórnendur, allir til heimilis í Súðavík. Í varastjórn: Árni Guðmundsson, skipstjóri, Kristján Sveinbjörnsson, vélstjóri, og Þuríður Magnúsdóttir, húsfreyja, öll til heimilis í Súðavík. Á stjórnarfundi félagsins sama dag var Grími Jónssyni veitt lausn frá framkvæmdastjórastarfi hjá félaginu, en hann hefur þó prókúruumboð áfram. Áki Eggertsson, kaupm., Súðavík, var á sama fundi ráðinn framkvæmdastjóri og honum veitt prókúruumboð. Nafn félagsins ritar hann þannig: 252

pr. pr. Frosti h.f.
Áki Eggertsson.
Súðavík, 3. maí 1949.
Grímur Jónsson.
Þorsteinn Þorleifsson.
Benóný Magnússon.

9.

Hér með tilkynnist, að vér höfum frá deginum í dag, veitt formanni félagsins, Ásbergi Sigurðssyni, lögfræðingi, Austurvegi 7, Ísafirði, prókúruumboð fyrir félagið.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð Halldórs Jónssonar.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

Pr. pr. Ísfirðingur h.f.
Ásberg Sigurðsson.
Í stjórn Ísfirðings h.f.
Böðvar Sveinbjarnarson.
Hannes Halldórsson.
Ásberg Sigurðsson.
Stefán Stefánsson.
Haraldur Guðmundsson.

10.

Á stjórnarfundi sem haldinn var í h.f. Björgvin, Ísafirði 24. júní 1949, var samþykkt að gefa Richard Björgvinssyni, stud. oecon., Ísafirði fullt og ótakmarkað prókúruumboð fyrir hlutafélagið.

Ritar hann nafn sitt þannig:

pr. pr. H.f. Björgvin.
Rich. Björgvinsson.
pt. Reykjavík, 24. júní 1949.
Í stjórn h.f. Björgvin.
Björgvin Bjarnason.
Elín Samúelsdóttir.
Þuríður Halldórsdóttir.

11.

Á stjórnarfundi sem haldinn var í h.f. Huginn, Ísafirði 24. júní 1949, var samþykkt að gefa Richard Björgvinssyni, stud. oecon., Ísafirði fullt og ótakmarkað prókúruumboð fyrir hlutafélagið.

252 Ritar hann nafn sitt þannig:
pr. pr. H.f. Huginn.
Rich. Björgvinsson.
pt. Reykjavík, 24. júní 1949.
Í stjórn h.f. Huginn.
Björgvin Bjarnason.
Elín Samúelsdóttir.
Matthías Bjarnason.

12.
Á stjórnarfundi Hraðfrystihússins Norðurtanga h.f., Ísafirði, hinn 31. júlí 1949, var samþykkt að ráða Ingólf Árnason, Smiðjug. 7 hér í bæ, framkvæmdastjóra félagsins og veita honum prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.
Firmað ritar hann þannig:
p. p. Hraðfrystihúsið Norðurtangi h.f.
Ing. Árnason.
Ísafirði, 31. júlí 1949.
Stjórn Hraðfrystihússins Norðurtanga h.f.
Guðbjartur Ásgeirsson.
Guðm. M. Jónsson.
Ingólfur Árnason.

13.
Á aðalfundi Hraðfrysthússins Norðurtanga h.f., Ísafirði, sem haldinn var 30. júlí 1949, voru þessir menn kosnir í stjórn félagsins: Guðbjartur Ásgeirsson, form. Meðstjórnendur: Guðmundur M. Jónsson og Ingólfur Árnason. Allir til heimils á Ísafirði. Varamaður í stjórn félagsins var kosinn: Eggert Halldórsson, Fjarðarstr. 14, Ísafirði.
Ísafirði, 31. júlí 1949.
F. h. Hraðfrystihússins Norðurtanga h.f.
Ing. Árnason.

14.
Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Vestur-Ísafjarðarsýslu, að Jón Franklín, útgerðarmaður, Lindarg. 38, Reykjavík, hefur frá og með 9. ágúst 1949, látið af framkvæmdarstjórastarfi fyrir Örvarodd h.f. og afturkallast um leið og frá sama tíma prókúruumboð það, er hann hefur haft fyrir félagið.
Reykjavík, 9. ágúst 1949.
Í stjórn Örvarodds h.f.
Guðm. H. Oddsson.
S. Thordarson.

15.
Hér með tilkynnist, að Karl Bjarnason, Hlíðarvegi 1, Ísafirði, lét af störfum sem framkvæmdastjóri félags vors í dag, og er prókúruumboð hans niður fallið. Formaður félagsins, Böðvar Sveinbjarnarson, Hafnarstr. 17, Ísafirði, tók við framkvæmdastjórastarfi, og veitist honum jafnframt prókúruumboð fyrir félagið. Hann ritar firmað þannig:
pr. pr. Íshúsfélag Ísfirðinga h.f.
Böðvar Sveinbjarnarson.
Í stjórn Íshúsfél. Ísfirðinga h.f., Ísafirði.
Kjartan Jónsson.
Karl Bjarnason.
Böðvar Sveinbjarnarson.

16.
Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrárinnar, að á aðalfundi félagsins Vélsmiðjan Þór h.f., Ísafirði, voru þessir menn kosnir í stjórn: Birgir Finnsson, formaður, Arngrímur Fr. Bjarnason, meðstjórnandi, Ólafur Guðmundsson, meðstjórnandi. En í varastjórn voru kosnir: Ólafur Magnússon og Björgvin Bjarnason.
Ísafirði, 6. sept. 1949.
Vélsmiðjan Þór h.f.
Ól. Guðmundsson.

17.
1. Stjórn h.f. Dofra, Þingeyri, er nú þannig skipuð: Anton Proppé, formaður, en Sigfús Blöndahl og Edward Proppé, meðstjórnendur. Varastjórnandi er Sighvatur Blöndahl, allir í Reykjavík.
2. Svofelld breyting á lögum félagsins var samþykkt á aðalfundi 24. júní s. l.: 1. gr. orðist þannig: „ Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.“ Við 3. gr. bætist: „Verzlun, þar með talin kaup og sala fasteigna og verðbréfa, svo og lánastarfsemi.“
3. Samkvæmt þessu óskast félagið máð úr hlutafélagaskrá Ísafjarðarsýslu og tilkynning um flutning á heimilisfanginu tilkynnt til hlutafélagaskrár Rvíkur.
Reykjavik, 12. júlí 1949.
Stjórn h.f. Dofra.
Anton Proppé.
Sigfús Blöndahl.
Edward Proppé.

18.
Vér undirritaðir eigendur meiri hluta hlutafjár í hlutafélaginu Örvaroddur, tilkynnum hér með til hlutafélagaskrár Vestur-Ísafjarðarsýslu, að vér mótmælum þeim tiltektum meiri hluta stjórnar hlutafélagsins Orvaroddur, að setja af framkvæmdarstjóra félagsins Jón Franklínsson og svipta hann prókúruumboði, sem ólöglegum, og í ósamræmi við vilja hluthafafundar, og mótmælum vér skráningu þeirra tiltekta.

Þórður Finnbogason.
Jón Franklín.
Jón Kjartansson.

19.
Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi hlutafélagsins „Fram" í Hnífsdal, sem haldinn var 16. ágúst 1949, voru þessir menn kosnir í stjórn: formaður Hjörtur Guðmundsson, Hnífsdal; meðstjórnendur: Jóakim Hjartarson, Hnífsdal, og Einar Steindórsson, Hnífsdal.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á lögum félagsins:

3. gr. breytist svo: Tilgangur félagsins er að kaupa og starfrækja vélbáta 15 til 50 smálesta, enn fremur verkun á afla, ef það þykir félaginu hagkvæmt.

Þá var samþykkt að auka hlutafé í kr. 160000.00 — eitt hundrað og sextíu þúsund krónur —.

Hlutaféð er allt innborgað.

Hnífsdal, 31. ágúst 1949.
Í stjórn h.f. „Fram", Hnífsdal.
Einar Steindórsson.
Hjörtur Guðmundsson.

20.
Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Ísafjarðarsýslu, að á hluthafafundi, sem haldinn var í Örvaroddi h.f. 15. okt. 1949, var samþykkt ákvörðun stjórnarinnar um að ráða Björn Jóhannsson, Ránargötu 7 A, Reykjavík, framkvæmdastjóra félagsins og veita honum prókúruumboð fyrir félagið frá 17. október að telja.

Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Örvaroddur h.f.
Björn Jóhannsson.

Reykjavík, 19. október 1949. 252
Í stjórn Örvarodds h.f.
Guðm. H. Oddsson.
Gísli Halldórsson.

21.
Hér með tilkynnist, að Jakobi Elíassyni, framkvæmdastjóra h.f. Andvara, er gefið umboð til að fara með prókúruumboð félagsins. Hann ritar firmað þannig:

p. p. h.f. Andvari.
Jakob Elíasson.
Súðavík, 21. okt. 1949.
Stjórn h.f. Andvara.
Ólafur Jónsson.
Jónatan Sigurðsson.

22.
Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrárinnar, að á aðalfundi Muninn h.f. í desember s. l. voru þessir menn kosnir í stjórn félagsins: Formaður Ólafur Guðmundsson, framkvstj., meðstj. Marzelíus Bernharðsson, skipasmíðameistari, og Helgi Guðmundsson, bakarameistari, — allir til heimilis á Ísafirði.

Ísafirði, 31. okt. 1949.
F. h. Muninn h.f.
Ól. Ólafsson.

23.
Á aðalfundi h.f. Andvara, Súðavík, sem haldinn var í júlí s. l., voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Aðalmenn: Jakob Elíasson, Jónatan Sigurðsson og Ólafur Jónsson. Varamenn: Ragnar Sveinbjarnarson, Halldór Guðmundsson, Tröð, Halldór Þorsteinsson.

Þetta tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Norður-Ísafjarðarsýslu.

Súðavík, 29. júlí 1949.
Jakob Elíasson.

VIII. Strandasýsla.

1.
Með því að Pétur Bóasson, útgerðarmaður, sem bjó í Barmahlíð 3, Reykjavík, og andaðist 29. apríl 1947, var orðinn eigandi að öllum hlutabréfum í h.f. Baldri, Djúpavík, en bú hans er nú undir opin-

252 berum skiptum, þá er þess óskað, samkvæmt samþykkt á skiptafundi í búinu, að hlutafélagið verði afmáð úr hlutafélagaskrá Strandasýslu.

2.

Með því að Pétur Bóasson, útgerðarmaður, sem bjó í Barmahlíð 3, Reykjavík, og andaðist 29. apríl 1947, var orðinn eigandi að öllum hlutabréfum í h.f. Hauki, Djúpavík, en bú hans er nú undir opinberum skiptum, þá er þess óskað, samkvæmt samþykkt á skiptafundi í búinu, að hlutafélagið verði afmáð úr hlutafélagaskrá Strandasýslu.

IX. Siglufjörður.

1.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að um s. l. áramót lét Már Einarsson af störfum sem framkvæmdastjóri Tunnuverksmiðja ríkisins, og afturkallast hér með prókúrumboð það, sem hann hefur haft fyrir verksmiðjurnar.

Frá sama tíma hefur Jón Stefánsson, Siglufirði, verið ráðinn framkvæmdastjóri verksmiðjanna og veitist honum hér með prókúruumboð fyrir nefnt fyrirtæki með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Prókúruhafi undirritar þannig:

pr. pr. Tunnuverksmiðjur ríkisins.
Jón Stefánsson.

Í stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins.
Jón L. Þórðarson.
B. Kristjánsson.
Erl. Þorsteinsson.
Kristján Eyfjörð.

2.

Hér með tilkynnist hlutafélagaskrá Siglufjarðar, að á aðalfundi Verzlunarfélags Siglufjarðar h.f., sem haldinn var 27. þ. m., var kosinn í stjórn félagsins Sigurður Njálsson, skrifstofustjóri, Siglufirði, í stað Jóns Jóhannessonar, málfærslumanns, Siglufirði.

Siglufirði, 29. marz 1949.
Stjórn Verzlunarfélags Siglufjarðar h.f.
Sigurður Njálsson, form.
Jónas Björnsson, varaform.
Sigurður Árnason, ritari.

3.

Við undirrituð börn og erfingjar Halldórs Jónassonar, kaupmanns á Siglufirði og konu hans Kristínar Hafliðadóttur, rekum framvegis, unz annað verður ákveðið, verzlun og fasteignir þær, sem búið átti á Siglufirði og sem við nú eigum að einum fimmta hluta hvort okkar undir sama nafni óbreyttu Verzlunin Halldór Jónasson og berum við öll sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Kristinn Halldórsson, Siglufirði, fer með umboð okkar yfir eignum þessum og rekstri þeirra og höfum við veitt honum prókúruumboð.

Ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlunin Halldór Jónasson.
Kristinn Halldórsson.
Reykjavík, 28. maí 1949.
F. h. Petrínu Kohlberg,
(samkv. umboði).
Kristinn Halldórsson.
Matthea Halldórsdóttir.
F. h. Huldu Halldórsd.
Hafliði Halldórsson.
Kristinn Halldórsson.
Hafliði Halldórsson.

4.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi í hlutafélaginu Hafliði, 7. maí s.l., voru kosnir í stjórn félagsins, Gunnlaugur Guðjónsson, Aðalgötu 6, Siglufirði, form., og meðstjórnendur Sveinn Björnsson, stórkaupm., Garðastr. 35, Rvík, og Hólmfríður Sigurjónsdóttir, húsfreyja, Aðalgötu 6, Siglufirði. Varastjórnandi Kristín Ingvarsdóttir, frú, Garðastræti 35, Reykjavík.

Siglufirði, 16. júní 1949.
Gunnl. Guðjónsson.
Hólmfr. Sigurjónsdóttir.

5.
Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi h.f. Skipasmíðastöðvar Siglufjarðar, Siglufirði, sem haldinn var 21. apríl 1946, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins:
Gunnar Halldórsson, Aðalgötu 18, Siglufirði, formaður, og meðstjórnendur: Sveinbjörn Zophaníasson, Siglufirði, og Agnar Samúelsson, Aðalg. 9, Siglufirði. Í varastjórn voru kosnir þeir Jóhann Stefánsson, Lækjargötu 9, Siglufirði, og Leó Jónsson, Hverfisgötu 11, Siglufirði.
Siglufirði, 29. júní 1949.
Gunnar Halldórsson,
formaður.

6.
Hér með tilkynnist, að á aðalfundi í Félagsbakaríinu h.f., sem haldinn var 29. apríl s. l., var Albert Þorkelsson, bakari kosinn í aðalstjórn félagsins í stað Hannesar Guðmundssonar, sem gekk úr stjórninni. Verður stjórnin því þannig skipuð:
Sigurður Guðjónsson, bakaram., Lækjargötu 6 C, form., og meðstjórnendur: Albert Þorkelsson, bakari, Suðurgötu 55, og Ríkey Guðmundsdóttir, Lækjarg. 6 C. Í varastjórn var kosin Fríða Sigurðardóttir, Lækjargötu 6 C, öll til heimilis á Siglufirði.
Siglufirði, 25. júní 1949.
Sigurður Guðjónsson,
formaður.
Ríkey Guðmundsdóttir.

7.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að ég undirritaður hef gengið úr firmanu V. Friðjónsson & Kjartan og eru allar skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá 15. júlí 1949 að telja.
pt. Antwerpen, 16. júlí 1949.
V. Friðjónsson.

8.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég hef með kaupsamningi, dagsettum í gær, selt Þóri Konráðssyni, bakaram. og Sveinbirni Tómassyni, Siglufirði, brauðgerð mína, sem starfað hefur undir nafninu „Hertervigsbakarí, Siglufirði", og eru þeir því orðnir eigendur þess. 252
Siglufirði, 16. des. 1949.
Ó. Hertervig.

Firmað Hertervigsbakarí, Siglufirði, sem við undirritaðir erum orðnir eigendur að, munum við reka á sameignargrundveli, samkvæmt samningi þar um, dagsettum í gær, og með ótakmarkaðri ábyrgð. Stofnfé fyrirtækisins er 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur. —
Við munum starfrækja Hertervigsbakarí á sama eða líkan hátt og fyrri eigandi gerði á meðan hann starfrækti það sjálfur. Skuldbindingar gerðar í nafni firmans fyrir daginn í dag eru okkur með öllu óviðkomandi.
Firmað ritum við þannig:
Hertervigsbakarí, Siglufirði.
Þ. Konráðsson.
Hertervigsbakarí, Siglufirði.
S. Tómasson.
Siglufirði, 16. des. 1949.
Sveinbjörn Tómasson.
Þ. Konráðsson.

9.
Hér með tilkynnist, að samkvæmt samkomulagi milli mín og Óla J. Hertervig, Siglufirði, hef ég frá 30. þ. m. sagt upp leigusamningi um leigu á brauðgerðarhúsi Óla J. Hertervig við Vesturbraut 6, Siglufirði, en samkvæmt áðurtilkynntum leigusamningi, dags. 28. nóv. 1947, var leigutími minn eigi útrunninn fyrr en 31. des. 1952.

Samkvæmt ofanrituðu lýsi ég því hér með yfir, að frá 30. þ. m. geri ég engar kröfur í réttindi þau, er téðum leigusamningi fylgdi, enda ber ég frá sama tíma enga ábyrgð á kröfum eða skuldbindingum vegna téðs brauðgerðarhúss, er til kunna að verða eftir 30. þ. m.
Siglufirði, 30. nóv. 1949.
Kaj. Rasmussen.

252 **X. Ólafsfjörður.**

Stjórn Fiskiðjuvers Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, skipa nú eftirtaldir menn: Ásgrímur Hartmannsson, formaður, Árni Valdimarsson, Kristinn Sigurðsson. Varastjórn: Magnús Gamalíelsson, Sigvaldi Þorleifsson, Gunnlaugur Jónsson. Prókúruhafi er Magnús Gamalíelsson, útgm., Ólafsfirði, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Fiskiðjuver Ólafsfjarðar.
Magnús Gamalíelsson.

XI. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.

1.

Með því að Balduin Ryel h.f. á Akureyri hætti störfum 14. maí 1947, öllum kröfum verið fullnægt og lokaskipti farið fram, óskast hlutafélagið afmáð úr hlutafélagaskrá Akureyrar. Jafnframt tilkynnist, að prókúruumboð þau, sem Balduin Ryel og Richardt Ryel hafa haft fyrir téð félag, eru úr gildi fallin.

Akureyri, 27. desember 1948.
Balduin Ryel.

2.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að á aðalfundi hlutafélagsins „Minnie", sem haldinn var í Reykjavík 22. þ. m., voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Sverrir Júlíusson, Túngötu 16, Keflavík, formaður, Alexander Magnússon, Túng. 11, Keflavík, og Hrönn Rasmussen, Snorrabraut 83, Reykjavík.

Reykjavík, 24. janúar 1949.
Í stjórn H.f. „Minnie".
Sverrir Júlíusson.
Alexander Magnússon.
Hrönn Rasmussen.

3.

Hér með tilkynnist, að Gunnlaugur Hallgrímsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri félags vors hinn 20. maí 1948, og er prókúruumboð hans niður fallið. Formaður félagsins, Kristinn Jónsson, Dalvík, tók þá við framkvæmdastjórastarfinu, og hefur hann prókúruumboð fyrir félagið. Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Pöntunarfélag alþýðu, Dalvík.
Kr. Jónsson,
Dalvík, 8. janúar 1949.

F. h. stjórnar
Pöntunarfélags alþýðu, Dalvík.
Kr. Jónsson,
formaður.

4.

Aðalfundur Innkaupasambands ljósmyndara á Norðurlandi var haldinn að Strandgötu 1, Akureyri, laugardaginn 15. janúar 1949. Ný stjórn var kosin og skipa hana: Edvard Sigurgeirsson ljósmyndari, Möðruvallastræti 4, formaður, Vigfús L. Friðriksson ljósmyndari, Oddeyrargötu 34, ritari, og Ari L. Björnsson ljósmyndari, Þingvallastræti 31, gjaldkeri. Undirskrift tveggja stjórnenda sameiginlega er skuldbindandi fyrir félagið. Undirskriftum er hagað þannig:

F. h. Innkaupasambands ljósmyndara á Norðurlandi.
Edvard Sigurgeirsson.
Vigfús L. Friðriksson.

F. h. Innkaupasambands ljósmyndara á Norðurlandi.
Edvard Sigurgeirsson.
Ari Björnsson.

F. h. Innkaupasambands ljósmyndara á Norðurlandi.
Vigfús L. Friðriksson.
Ari Björnsson.

Akureyri, 17 janúar 1949.
Vigfús L. Friðriksson.
Edvard Sigurgeirsson.
Ari Björnsson.

5.

Á aðalfundi hlutafélagsins Skjaldar, 16. febrúar 1949, gerðist þetta:

1. Samþykkt var að auka hlutafé félagsins úr kr. 24000.00 upp í kr. 60000.00. Aukningin er gjaldkræf fyrir 1. júlí n. k.

2. Úr stjórn félagsins gekk Sveinn Friðriksson, en í stað hans var kosinn Reynir Kristjánsson, húsgagnasmiður, Hafnarstræti 86 A, Akureyri.

Þetta tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Akureyrar.

Í stjórn h/f Skjaldar,
Akureyri, 16. febr. 1949.
Árni J. Stefánsson.
Jón Þorvaldsson.
Reynir Kristjánsson.

6.

Á lögmætum fundi í hlutafélaginu „Kaldbakur", Mógili, Svalbarðsströnd, sem haldinn var á Akureyri 13. des. 1947, var samþykkt að flytja heimilisfang félagsins og allan rekstur þess að Dalvík í Eyjafjarðarsýslu.

Af framangreindum ástæðum óskum vér eftir, að nafn félagsins verði afmáð úr hlutafélagaskrá Þingeyjarsýslu.

p. t. Akureyri, 15. janúar 1949.
pr. pr. Kaldbakur h.f.
Kjartan Magnússon.

7.

Ég undirritaður hef keypt ljósmyndastofu föður míns, Hallgríms Einarssonar, ljósmyndara á Akureyri, og mun reka hana á sama stað og áður, í Hafnarstræti 41, undir nafninu Ljósmyndastofa H. Einarsson, Akureyri. Ég rek firmað með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það þannig:

Ljósmyndastofa H. Einarsson.
Kristján Hallgrímsson.
Akureyri, 30. marz 1949.
Kristján Hallgrímsson.

8.

Við undirritaðar Jenný Jónsdóttir, Munkaþverárstræti 34, Akureyri, og Hólmfríður Þorláksdóttir, Hríseyjargötu 2, Akureyri, tilkynnum hér með til firmaskrár Akureyrar, að við rekum, með ótakmarkaðri ábyrgð saumastofu hér í bænum undir nafninu Saumastofa J. Jónsdóttur.

Firmað ritar Jenný Jónsdóttir ein, þannig:

Saumastofa J. Jónsdóttur.
Jenný Jónsdóttir.
Akureyri, 15. apríl 1949.
Jenný Jónsdóttir.
Hólmfríður Þorláksdóttir.

9. 252

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Akureyrar, að stjórn Stjarna h.f., Dalvík, hefur veitt Njáli Gunnlaugssyni, Úthlíð 3, Reykjavík, prókúruumboð fyrir nefnt félag frá 23. maí 1949 að telja. Hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum og ritar firmað þannig:

pr. pr. Stjörnur h.f.
Njáll Gunnlaugsson.
Dalvík, 23. maí 1949.
Í umboði Stjarna h.f.
Sigfús Þorleifsson,
stjórnarformaður.

10.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Akureyrar, að á stjórnarfundi, sem haldinn var í hlutafélaginu Axel Kristjánsson 3. sept. 1948, var Páll Axelsson ráðinn framkvæmdastjóri félagsins um óákveðinn tíma og jafnframt veitt prókúruumboð fyrir félagið.

Enn fremur var samþykkt, að frá og með þeim degi væri niðurfelld prókúruumboð þeirra Jóns Guðmundssonar og Sigurveigar Guðmundsdóttur.

Hinn nýráðni framkvæmdastjóri ritar firmað þannig:

pr. pr. Axel Kristjánsson h.f.
P. Axelsson.
F. h. Axels Kristjánássonar h.f.
Gísli Konráðsson,
formaður.
Sigurveig Guðmundsdóttir,
ritari.

Samkvæmt aðalfundargerð hlutafélagsins Axel Kristjánsson dags. 28. febr. 1948, er stjórn félagsins þannig skipuð:

Gísli Konráðsson, formaður, Sigurveig Guðmundsdóttir, ritari, Agnar Kofoed-Hansen, meðstjórnandi.

D. u. s.
Gísli Konráðsson.

11.

Hér með tilkynnist, að á síðasta aðalfundi h.f. „Möl og sandur", sem haldinn var 26. marz s. l., voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Júlíus Bogason, Ingimundur Árnason og Karl Friðriks-

252 son, sem var kjörinn formaður. Þá var og samþykkt að flytja heimilisfang félagsins frá Blómsturvöllum í Glæsibæjarhreppi til Akureyrar.

Akureyri, 30. maí 1949.
Karl Friðriksson.
Júlíus Bogason.
Ingim. Árnason.

12.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Akureyrar að á aðalfundi í hlutafélaginu J. K. Havsteen & Co. h.f. hinn 30. júní 1949, var Adolf Ingimarsson verkstj. Akureyri, kosinn í stjórn félagsins í stað J. K. Havsteens. Enn fremur var Jón Jónsson, Geislag. 35, Akureyri, kjörinn varastj. Stjórn félagsins skipa því nú, auk fyrtéðra manna, Vigfús Jónsson, sem er form. og framkvæmdastjóri, og frú Huld Jóhannesdóttir, bæði búsett í Hafnarstræti 97, Akureyri. Samkvæmt ályktun sama fundar og stjórnarfundar 26. f. m. var ákveðið að breyta nafni félagsins í: Dúkaverksmiðjan h.f. Óskast nafnbreyting þessi tekin til greina frá birting tilkynningar þessarar í Lögbirtingablaðinu.

Hinir nýju stjórnendur rita firmað þannig:

F. h. Dúkaverksmiðjan h.f.
Adólf Ingimarsson.
Jón Jónsson.
Akureyri, 5. ágúst 1949.
Vigfús Þ. Jónsson.
Huld Jóhannesdóttir.
Adólf Ingimarsson.
Jón Jónsson.

13.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi í Útgerðarfélagi Akureyringa h.f., Akureyri, sem haldinn var 21. júní s. l., var Albert Sölvason forstjóri kosinn í aðalstjórn félagsins í stað Gísla Kristjánssonar útgerðarmanns, sem gekk úr stjórninni.

Verður stjórnin því þannig skipuð: Helgi Pálsson, Spítalavegi 8, Jakob Frímannsson, Þingvallastræti 2, Steinn Steinsen, Hafnarstræti 20, Tryggvi Helgason, Eyrarvegi 13, og Albert Sölvason, Eiðsvallagötu 23. Allir til heimilis á Akureyri. Stjórnin skiptir með sér verkum þannig: Helgi Pálsson, formaður, og meðstjórnendur Jakob Frímannsson, Steinn Steinsen, Tryggvi Helgason og Albert Sölvason.

Akureyri, 23. júlí 1949.
pr. pr. Útgerðarfélag Akureyringa h.f.
Guðm. Guðmundsson.

14.

Það tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að við undirritaðar höfum keypt hárgreiðslustofuna „Femina“, hér í bæ, af frú Guðbjörgu Þorsteindóttur, og rekum atvinnuna framvegis undir sama nafni frá 1. júní að telja með ótakmarkaðri ábyrgð beggja.

Firmað ritum við hvor í sínu lagi eða báðar saman.

Hárgreiðslustofan Femina.
Akureyri, 10. júní 1949.
Svafa Jenny Þorsteinsdóttir.
Sesselía María Þorsteinsdóttir.

15.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Akureyrar, að ég hef gefið syni mínum Árna Magnússyni, járnsmið, Glerárgötu 9, Akureyri, prókúruumboð fyrir atvinnurekstur minn hér í bæ, járnsmíðaiðn.

Akureyri, 1. ágúst 1949.
Magnús Árnason.

16.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að stjórn hlutafélagsins Sindri, Akureyri, skipa nú eftirtaldir menn:

Jakob Frímannsson, Akureyri, Kristján Kristjánsson, Brekkug. 4, Akureyri, Ágúst Kvaran, Brekkug. 9, Akureyri, Baldur Líndal, Hofteig 52, Reykjavík, og Þorsteinn Gunnarsson, Eyrarvegi 13, Akureyri.

Akureyri, 2. sept. 1949.
F. h. Sindra h.f.
Egill Sigurðsson.

17.

Á aðalfundi Vélsmiðjunnar Oddi h.f., sem haldinn var miðvikudaginn 2. marz

1949, voru þessir menn kosnir í stjórn félagsins: Form.: Jakob Frímannsson, framkvæmdarstj. Ritari: Gísli Konráðsson. Meðstj.: Óskar Ósberg, verkstjóri. Á sama fundi var framkvæmdarstjóra félagsins, Per Krogh veitt prókúruumboð fyrir félagið og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vélsmiðjan Oddi h.f.
Per Krogh.
Akureyri, 12. des. 1949.
Í stjórn Vélsmiðjunnar Oddi h.f.
Jakob Frímannsson.
Gísli Konráðsson.
Óskar Ósberg.

XII. Þingeyjarsýsla.

Heiti félagsins er Fiskiðjusamlag Húsavíkur. Heimili þess og varnarþing er í Húsavík. Samlagið hefur engin útibú. Tilgangur samlagsins og starfsemi er fyrst og fremst að reisa og reka í Húsavík hraðfrystihús í þarfir sjávarútvegs, en jafnframt getur samlagið annast hvers konar vinnslu og verkun sjávarafurða eftir því, sem lög þess og fundarályktanir kunna að ákveða á hverjum tíma.

Stofnendur eru: Húsavíkurhreppur, Samvinnufélag útvegs- og sjómanna, Kaupfélag Þingeyinga, vegna þeirra félagsmanna sinna, sem eiga smærri útgerð en svo, að þeir geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um inngöngu í samlagið, Útgerðarfélag Húsavíkur h.f., Stefán og Þór Péturssynir, Verkamannafélag Húsavíkur, Bifreiðastöð Þingeyinga h.f., Jóhannes Guðnason.

Dagsetning stofnsamnings samlagsins og gildandi laga þess er 19. júlí 1947.

Stjórn samlagsins skipa nú: Karl Kristjánsson, formaður, Þórhallur Sigtryggsson og Björn Kristjánsson. Varamenn í stjórn eru: Kristján Pétursson, Stefán Pétursson og Páll Kristjánsson.

Stjórnin skrifar öll undir skuldbindingar samlagsins. Varamaður skrifar undir í forföllum aðalmanns. Framkvæmdastjórastaða hefur enn ekki verið veitt. Samlagsfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum samlagsins umfram stofnfé sitt. Frumstofnfé er kr. 330 000.00 og er það nálega allt innborgað. Minnsta stofnfjárframlag er kr. 500.00. Í stofnsjóð skal greitt 1% af ársinnleggsandvirði samlagsmanna. Í varasjóð samlagsins skal greiða 1% af söluverði framleiðsluvara ár hvert. 252

Á fundum samlagsins hefur hver samlagsfélagi 1 atkvæði og auk þess hefur hann eitt atkvæði fyrir hverjar 10 þúsund krónur stofnfjárframlags og 1 atkvæði fyrir hverjar 50 þúsund kr. í innleggsandvirði hans s.l. reikningsár. Enginn samlagsfélagi getur þó farið með meira en 1/5 af samanlögðu atkvæðamagni innan samlagsins.

Fundi samlagsins skal boða með símskeyti, ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt.

Húsavík, 25. maí 1949.
F. h. Fiskiðjusamlags Húsavíkur,
Karl Kristjánsson,
oddviti, Húsavík.
Björn Kristjánsson,
sjómaður, Húsavík.
Kristján Pétursson,
sjómaður, Húsavík.

XIII. Suður-Múlasýsla.

1.

Undirrituð stjórn h.f. Búlandstinds felur hér með Þorsteini Sveinssyni prókúruumboð fyrir félagið frá 29. þ. m., og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Búlandstindur h.f.
Þorsteinn Sveinsson.

Frá sama tíma afturkallast hér með prókúruumboð, sem veitt var Gunnari Sveinssyni á sínum tíma.

Djúpavogi, 29. des. 1948.
Þórfinnur Jóhannsson.
Hjalti Ólafsson.
Ingim. Steingrímsson.
Arnór Karlsson.

2.

Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Gunnar Sveinsson hefur haft

252 fyrir Kaupfélag Berufjarðar, Djúpavogi, og er Þorsteini Sveinssyni veitt þórkúruumboð lögum samkvæmt frá og með 1. jan. 1948.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfélag Berufjarðar.
Þorsteinn Sveinsson.

Djúpavogi, 24. nóvember 1948.

Í stjórn Kaupfélags Berufjarðar.
Helgi Einarsson.
Björgvin Gíslason.
Elís Þórarinsson.
Hjálmar Guðmundsson.
Sigfinnur Vilhjálmsson.

3.

Hér með tilkynnist, að Sigfinni Vilhjálmssyni hefur verið veitt prókúruumboð fyrir h.f. Svan, Djúpavogi frá 5. jan. 1949. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. h.f. Svanur.
Sigfinnur Vilhjálmsson.

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð það, sem veitt var Þorsteini Sveinssyni á sínum tíma.

Djúpavogi, 5. janúar 1949.
Sigurður Jónsson.
Ásgeir H. Guðmundsson.
Sveinn Þórðarson.
Arnór Karlsson.

4.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Suður-Múlsýslu, að frá og með deginum í dag hefur Hans Eyjólfssyni verið veitt prókúruumboð fyrir h.f. Skrúð, Fáskrúðsfirði. Fellur um leið úr gildi prókúruumboð Bjarna Þórlindssonar fyrir félagið.

Fáskrúðsfirði, 11. jan. 1949.

Í stjórn h.f. Skrúðs, Fáskrúðsfirði.
Garðar Kristjánsson.
Ólafur Þórlindsson.
Jóhann Jónasson.

5.

Með því að ég hef selt Einari Sigurðssyni, verzlunarmanni verzlunina Merkúr á Fáskrúðsfirði eru mér skuldbindingar nefndrar verzlunar óviðkomandi frá 15. júlí 1949 að telja.

Búðum Fáskrúðsfirði, 28. júní 1949.
Kristinn Bjarnason.

Eins og segir í ofangreindri tilkynningu hef ég keypt verzlunina Merkúr á Fáskrúðsfirði og mun ég reka hana framvegis undir sama nafni. Ber ég einn ábyrgð á rekstri og skuldbindingum nefndrar verzlunar frá 15. júlí 1949 að telja. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Merkúr.
Einar Sigurðsson.

Fáskrúðsfirði, 28. júní 1949.
Einar Sigurðsson.

6.

Það tilkynnist hér með, að stjórn Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar h.f., Stöðvarfirði, hefur á fundi sínum í dag veitt Guðmundi Björnssyni, Stöðvarfirði prókúruumboð fyrir nefnt hlutafélag, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.
Guðmundur Björnsson.

Stöðvarfirði, 20. júní 1949.

Stjórn
Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar h.f.
Kristján Jónsson.
Sveinn Ingimundarson.
Björgúlfur Sveinsson.
Kristján Þorsteinsson.
Björn Stefánsson.

XIV. Rangárvallasýsla.

Hér með tilkynnist, að á stjórnarfundi Kaupfélags Rangæinga 18. jan. s. l. var samþykkt að veita Magnúsi Kristjánssyni, Hvolsvelli, prókúruumboð fyrir hið nýstofnaða Kaupfélag Rangæinga frá og með 1. febrúar þ. á. að telja. Jafnframt fellur niður prókúruumboð Hallgríms Jónassonar fyrir hið eldra Kaupfélag Rangæinga og prókúruumboð Magnúsar Kristjánssonar fyrir Kaupfélag Hallgeirseyjar.

Prókúruumboð félagsins ritar prókúruhafi þannig:

pr. pr. Kaupfélag Rangæinga.
Magnús Kristjánsson.

Stjórn Kaupfélags Rangæinga.
Sigurþór Ólafsson.
Björn Björnsson.
Sveinbjörn Högnason.
Sigurður Haukdal.
Ölvir Karlsson.
Ól. H. Guðmundsson.
Guðm. Þorleifsson.

XV. Vestmannaeyjar.

1.

Undirrituð stjórn Neytendafélags Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, veitir hér með Jóhannesi G. Gíslasyni, verzlunarm., Hásteinsvegi 22, Vestmannaeyjum, prókúruumboð fyrir nefnt félag, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt. Prókúruumboðið veitist frá 1. apríl n. k. Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, er Jóhann A. Bjarnasen, framkvæmdastjóri, Brekastíg 32, Vestmannaeyjum, hefur haft fyrir félagið frá 1. apríl að telja.

Firmað ritar Jóhannes G. Gíslason þannig:

pr. pr. Neytendafélag Vestmannaeyja.
Jóh. Gíslason.

Í stjórn Neytendafélags Vestmannaeyja.
Steingrímur Benediktsson.
Ársæll Sveinsson.
Páll Eyjólfsson.
Jóhann Scheving.
K. Egilsson.

2.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Vestmannaeyja, að á fundi stjórnar Bæjarútgerðar Vestmannaeyja 25. marz 1949 var ákveðið að afturkalla prókúruumboð, er Páll Þorbjörnsson hefur haft fyrir Bæjarútgerð Vestmannaeyja.

Á fundi, sem haldinn var í útgerðarstjórninni 12. apríl 1949, var samþykkt að veita Guðlaugi Stefánssyni prókúruumboð fyrir Bæjarútgerð Vestmannaeyja frá þeim degi að telja, og ritar hann nafn sitt þannig:

pr. pr. Bæjarútgerð Vestmannaeyja. 252
G. Stefánsson.
Vestmannaeyjum,16. apríl 1949.
Í stjórn Bæjarútgerðar Vestmannaeyja.
Ársæll Sveinsson.
Hrólfur Ingólfsson.
Björn Guðmundsson.
Ól. Á. Kristjánsson.
Sigurbjörn Sigurðsson.

3.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Vestmannaeyja, að bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur kosið eftirtalda menn í stjórn Bæjarútgerðar Vestmannaeyja.

Aðalmenn: Ársæll Sveinsson, útgerðarmaður, Björn Guðmundsson, kaupmaður, Hrólfur Ingólfsson, bæjargjaldkeri, Sigurjón Sigurðsson, skipstjóri og Sigurður Stefánsson, sjómaður.

Varamenn: Elías Sigfússon, verkam., Ólafur Á. Kristjánsson, bæjarstjóri og Tómas M. Guðjónsson, útgerðarmaður.

Vestmannaeyjum, 20. apríl 1949.
Ól. Á. Kristjánsson.

4.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Vestmannaeyja, að með því að nafni Pípugerðar Reimars Hjartarsonar h.f., hefur verið breytt í Pípugerðin h.f., Vestmannaeyjum, óskast nafnið afmáð úr firmaskrá Vestmannaeyja.

Vestmannaeyjum, 26. apríl 1949.
Magnús Bergsson.
Sigmundur Runólfsson.
Lúðvík Reimarsson.

5.

Hér með tilkynnist, að á fundi í Pípugerðinni h.f., Vestmannaeyjum, var samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 60.000.00, sextíu þúsund krónum í kr. 100.000.00, — eitt hundrað þúsund krónur. Innborgaðar eru kr. 80.000.00, átta tíu þúsund krónur. —

Vestmannaeyjum, 26. apríl 1949.
Pípugerðin h.f.
Magnús Bergsson.
Sigmundur Runólfsson.
Lúðvík Reimarsson.

252 6.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi í Pípugerðinni h.f., Vestmannaeyjum, sem haldinn var 3. apríl s. l. voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn: Magnús Bergsson, formaður, Sigmundur Runólfsson og Lúðvík Reimarsson. Varamenn: Tómas M. Guðjónsson og Bjarni Guðmundsson.

Vestmannaeyjum, 26. apríl 1949.

Pípugerðin h.f.
Magnús Bergsson.
Sigmundur Runólfsson.
Lúðvík Reimarsson.

7.

Hér með tilkynnist að á aðalfundi Pípugerðar Reimars Hjartarsonar h.f. var samþykkt að breyta nafni félagsins þannig, að nú heitir það Pípugerðin h.f.

Á sama fundi var samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 60000.00 upp í kr. 100000.00. Innborgað er kr. 80000.00.

Þessir menn skipa stjórn félagsins: Magnús Bergsson, bakarameistari, Vestmannaeyjum, formaður, Sigurmundur Runólfsson, verkstjóri, Vestmannaeyjum, og Lúðvík Reimarsson, Heiðatúni, Vestmannaeyjum. Varastjórnendur eru: Tómas M. Guðjónsson, forstj., og Bjarni Guðmundsson, bifreiðarstjóri, báðir í Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum, 26. apríl 1949.

Pípugerðin h.f.
Magnús Bergsson.
Sigurmundur Runólfsson.
Lúðvík Reimarsson.

8.

Á fundi félagsins Tangabátarnir h.f. hinn 20. sept. 1949 voru gerðar eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins: Nafn félagsins skal vera Gunnar Ólafsson & Co. h.f. Tilgangur þess skal vera, auk þess sem það áfram rekur útgerð, að reka verzlun, umboðsmennsku, skipaafgreiðslu og annan skyldan atvinnurekstur.

Hlutafé, sem áður var kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund — krónur, skal auka um kr. 650000.00 — sex hundruð og fimmtíu þúsund — krónur, og skiptist hlutafjáraukinn í 130 hluti og er hvert hlutabréf á kr. 5000.00 — fimm þúsund — krónur. Hluthafar mega ekki veðsetja bréf sín nema með samþykki félagsstjórnar.

Stjórn félagsins skipa eftir sem áður Gunnar Ólafsson, Vík, Vestmannaeyjum, Jóhann Þ. Jósefsson, Bergstaðastr. 86, Reykjavík, og Sigríður Geirsdóttir, Barónsstíg 49, Reykjavík. Varastjórn skipa: Magnea Þórðardóttir, Bergstaðastr. 86, Reykjavík, og Eyþór Gunnarsson, Stórholti 41, Reykjavík.

Á sama fundi var þeim Jónasi Jónssyni, Fagurlyst, Vestmannaeyjum, og Sigurjóni Högnasyni, Borg, Vestmannaeyjum, veitt prókúruumboð fyrir félagsins hönd.

Vestmannaeyjum, 25. sept. 1949.

Jóhann Þ. Jósefsson.
Sigríður Geirsdóttir.
Gunnar Ólafsson.

XVI. Árnessýsla.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Árnessýslu, að við Stefán Þorsteinsson, garðyrkjumaður, Stóra-Fljóti og Friðjón Stephensen, verzlunarm., s. st., rekum saman í helmingafélagi og sem fullábyrgir félagar, samkv. félagssamningi, dags. 14. okt. 1949, garðyrkjustöð undir firmanafninu Garðyrkjustöðin að Stóra-Fljóti.

Stofnfé eru gróðurhús þau, ásamt tilheyrandi landi og hitaréttindum að Stóra-Fljóti, sem Stefán Þorsteinsson hefur einn rekið fram að þessu.

Prókúruumboð fyrir firmað hefur Friðjón Stephensen, Stóra-Fljóti og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Garðyrkjustöðin að Stóra-Fljóti.
Friðjón Stephensen.

Til þess að veðsetja eignir firmans, svo og til að kaupa eða selja fasteignir þarf undirskrift okkar beggja og ritum við firmað þannig:

Garðyrkjustöðin að Stóra-Fljóti.
Stefán Þorsteinsson
Friðjón Stephensen.

Stóra-Fljóti, 14. des. 1949.

Friðjón Stephensen.
Stefán Þorsteinsson.

XVII. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.

1.

Hér með tilkynnist, að meðundirritaður Þorvaldur Sigurðsson, Hellubraut 6, Hafnarfirði, hefur, hinn 6. nóv. 1947, gengið úr firmanu Glóa, raftækjaverzlun og vinnustofu, Hafnarfirði. Allar skuldbindingar félagsins eru því honum óviðkomandi framvegis.

Hafnarfirði, 18. okt. 1948.
Þorvaldur Sigurðsson.
Jón Sveinsson.
Guðm. Sveinss.

2.

Hér með afturkallast prókúruumboð það, er Björn Pétursson hefur haft fyrir Kaupfélag Suðurnesja, Keflavík, og jafnframt hefur Gunnari Sveinssyni verið veitt prókúruumboð fyrir sama félag með öllum réttindum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfélag Suðurnesja.
Gunnar Sveinsson.
Keflavík, 3. jan. 1949.
Stjórn Kaupfélags Suðurnesja.
Guðni Magnússon.
Hallgr. Th. Björnsson.
Ragnar Guðleifsson.

3.

Nafn félagsins er samlagsfélagið Sunna. Heimili þess og varnarþing er í Kópavogshreppi, Kjósarsýslu. Tilgangur félagsins er að reka verkstæði og smurningsstöð fyrir bifreiðar og landbúnaðarvélar og annast hvers konar fyrirgreiðslu í því sambandi. Stofnendur eru: Helgi Lárusson, forstjóri, Skeggjagötu 4, Reykjavík, Bergur Lárusson, Snorrabraut 52, Rvík, og Júlíus H. Lárusson, Kirkjubæjarklaustri, Vestur-Skaftafellssýslu, og leggur hver þeirra fram þriðjung tillags í félagið. Prókúru fyrir félagið hafa Helgi Lárusson og Júlíus H. Lárusson. og rita þeir firmað þannig:

p. p. S.f. Sunna.
Helgi Lárusson.
p. p. S.f. Sunna. **252**
Júlíus Lárusson.
p. t. Reykjavík, 30. desember 1948.
Júlíus H. Lárusson.
Helgi Lárusson.
F. h. Bergs Lárussonar.
Árelíus Ólafsson, e. u.

4.

Á fundi stjórnar Bílaverkstæðis Hafnarfjarðar í dag var ákveðið að veita núverandi framkvæmdastjóra, Árna Þorvaldssyni, Vesturbraut 20, Hafnarfirði, prókúruumboð fyrir félagið frá deginum í dag að telja. Jafnframt afturkallast prókúruumboð Andrésar Guðnasonar, fv. framkvæmdastjóra félagsins, en hann hefur nú hætt störfum hjá félaginu.

Árni Þorvaldsson ritar firmað þannig:

pr. pr. Bílaverkstæði Hafnarfjarðar h.f.
Árni Þorvaldsson.
Hafnarfirði, 14. febrúar 1949.
Bílaverkstæði Hafnarfjarðar h.f.
G. Magnússon.
Kristján Steingrímsson.
Þórður B. Þórðarson.

5.

Hér með tilkynnist, að Þorvarði Arinbjarnarsyni hefur verið veitt prókúruumboð fyrir Vörubílastöð Keflavíkur h.f., og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vörubílastöð Keflavíkur h.f.
Þorv. Arinbjarnarson.
Í stjórn félagsins.
Magnús Jónsson.
Trausti Jónsson.
Lúðvík Jónsson.

6.

Á almennum fundi félagsmanna í samvinnufélaginu Vörubílastöð Keflavíkur var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Fundurinn samþykkir hér með að slíta félaginu, þar sem starfsemi þess verður ekki lengur samræmd ákvæðum gildandi laga um samvinnufélög.

Jafnframt felur fundurinn félagsstjórninni að tilkynna slit félagsins til samvinnufélagaskrárinnar hið allra fyrsta. Fundurinn lýsir sig samþykkan

252 stofnsamningi þeim, sem gerður hefur verið um stofnun hlutafélags, og samþykkir, að félagið taki við öllum eignum Samvinnufélagsins Vörubílastöð Keflavíkur, enda taki hlutafélagið að sér að fullnægja þeim skuldum og skuldbindingum, sem á þessu félagi hvíla."

Keflavík, 12. des. 1948.
Magnús Jónsson.
Helgi Þorsteinsson.
Guðmundur L. Jónsson.
Sigurbjörn L. Guðnason.
Jóhann S. Bergmann.
Björn Jóhannsson.
Jón Guðmundsson.
Magnús Þór Helgason.
Lúðvík Kjartansson.
Trausti Jónsson.
Jóhann Kr. Guðmundsson.
Guðmundur Sveinsson.
Jóhann Baldvinsson.

7.
Hér með tilkynnist, að á aðalfundi í Skipasmíðastöðinni Dröfn h.f., sem haldinn var 3. marz 1949, var samþykkt að breyta 3. gr. í samþykktum fyrir Skipasmíðastöðina Dröfn h.f. í eftirfarandi:

Tilgangur félagsins er, að vinna að skipasmíðum, reka trésmíðaverkstæði, verzlun með skipa- og byggingarvörur o. fl.

Skipasmíðastöðin Dröfn h.f.
Haukur Jónsson.
Sigurjón Einarsson.
Kristm. Georgsson.

8.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðar, að Vigfúsi Sigurðssyni, Nönnustíg 8 B, Hafnarfirði, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir firmað Skipasmíðastöðina Dröfn h.f., og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Skipasmíðastöðin Dröfn h.f.
Vigfús Sigurðsson.
Í stjórn Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar h.f.
Haukur Jónsson.
Sigurjón Einarsson.
Kristm. Georgsson.

9.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðar, að Vigfúsi Sigurðssyni, Nönnustíg 8 B, Hafnarfirði, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir firmað Byggingarfélagið Þór h. f., og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Byggingarfélagið Þór h.f.
Vigfús Sigurðsson.
Í stjórn Byggingarfélagsins Þórs h.f.
Gísli Guðjónsson.
Bjarni Erlendsson.
Vigfús Sigurðsson.

10.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðar, að prókúruumboð Páls V. Daníelssonar, Hringbraut 65, Hafnarfirði, fyrir Byggingarfélagið Þór h.f., var afturkallað í dag.

Í stjórn Byggingarfélagsins Þórs h.f.
Gísli Guðjónsson.
Bjarni Erlendsson.
Vigfús Sigurðsson.

11.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðar, að prókúruumboð Páls V. Daníelsson, Hringbraut 65, Hafnarfirði, fyrir Skipasmíðastöðina „Dröfn" h.f., var afturkallað í dag.

Í stjórn Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar h.f.
Haukur Jónsson.
Sigurjón Einarsson.
Kristm. Georgsson.

12.
Hér með tilkynnist, að á aðalfundi í Skipasmíðastöðinni Dröfn h.f., sem haldinn var 3. marz 1949, voru þessir menn kosnir í stjórn: Haukur Jónsson, Hringbraut 36, Hafnarfirði, formaður, Sigurjón Einarsson, Garðstíg 1, Hafnarf., og Kristmundur Georgsson, Holtsg. 8, Hafnarf.

Skipasmíðastöðin Dröfn h.f.
Haukur Jónsson.
Sigurjón Einarsson.
Kristm. Georgsson.

13.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðar, að ég undirritaður rek skó- og fataverzlun með ótakmarkaðri ábyrgð undir eigin nafni. Firmað rita ég þannig:
Verzlun Geirs Jóelssonar.
Geir Jóelsson.
Hafnarfirði, 11. maí 1949.
Geir Jóelsson,
Strandgötu 21.

14.
Á aðalfundi í hlutafélaginu Ingólfur I, Grindavík, sem haldinn var 18. júní 1949, voru þessir menn kosnir í stjórn félagsins:
Þorvaldur Kristjánsson, form., Símon Þorsteinsson og Björn Þórðarson meðstjórnendur. Varamenn voru kosnir Hermann Kristinsson og Guðmundur Helgason. Endurskoðendur voru kosnir Guðmundur Þorsteinsson og Júlíus Daníelsson.
Grindavík, 19. júní 1949.
F. h. Ingólfs I, h.f.
Svavar Árnason.

15.
Á stjórnarfundi hlutafélagsins Ingólfs I, Grindavík, 19. júní 1949, var samþykkt að ráða Svavar Árnason, Garði, Grindavík framkvæmdarstjóra félagsins og veita honum prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.
Firmað ritar hann þannig:
pr. pr. Ingólfur I, h.f.
Svavar Árnason.

Jafnframt var á sama fundi samþykkt að afturkalla prókúruumboð það, sem Júlíus Daníelsson hefur haft fyrir félagið.
Grindavík, 19. júní 1949.
Stjórn h.f. Ingólfs I.
Þorvaldur Kristjánsson.
Símon Þorsteinsson.
Björn Þórðarson.

16.
Hér með tilkynnist, að skiptum er lokið í hlutafélaginu „Malir", Hafnarfirði. Hefur undirrituð skilanefnd annazt slitin. Er þess því óskað, að nafn félagsins verði strikað út af firmaskrá. 252
Í skilanefnd h.f. „Malir".
Óskar Jónsson.
Guðmundur Jónasson.
Hafsteinn Björnsson.

17.
Hinn 6. jan. s. l. var haldinn aðalfundur í hlutafélaginu Klæðaverksmiðjunni Álafossi h.f., Álafossi, Mosfellssveit. Allir hluthafar voru mættir á fundinum.
Í stjórn félagins voru kosnir:
Sigurjón Pétursson, Álafossi, form., og meðstjórnendur þeir Pétur Sigurjónsson, og Ásbjörn Sigurjónsson, báðir til heimilis á Álafossi. Til vara: Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir, frú Þingholtsstræti 22, Reykjavík.
Sigurjón Pétursson, form.

18.
Á aðalfundi, er haldinn var 6. jan. s. l., voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn Klæðaverksmiðjunnar Álafoss, Mosfellssveit: Sigurjón Pétursson, Álafossi, form. Meðstjórnendur: Pétur Sigurjónsson, Álafossi, Ásbjörn Sigurjónsson, Álafossi. Í varastjórn: Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir, Þingholtsstr. 22, Rvík, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hurðarbaki, Borgarfirði.
Reykjavík, 6. sept. 1949.
Sigurj. Pétursson.
Pétur Sigurjónsson.
Ásbjörn Sigurjónsson.

19.
Hér með tilkynnist, að ég undirritaður hef keypt Verzlun Sig. Árnason í Hafnarfirði og rek hana undir sama firmanafni, með ótakmarkaðri ábyrgð frá 1. sept. 1949 að telja, og yfirtek jafnframt allar skuldbindingar og skuldir fyrir eldri tíma.
Hafnarfirði, 5. sept. 1949.
Sigurjón Melberg Sigurjónsson.

20.
Við undirritaðir, Björn Finnbogi Júlíusson, blikksmíðanemi, Vesturg. 20, Rvík,

252 Sveinn A. Sæmundsson, blikksmiður, Vallagerði 2, Kópavogshreppi, og Tryggvi Sveinbjörnsson, blikksmiður, Hagamel 6, Rvík, höfum stofnað með okkur félag til starfrækslu blikksmiðju. Starfsemin er rekin undir nafninu Blikksmiðjan Vogur. Heimili og varnarþing félagsins er Kópavogshreppur. Ábyrgð á skuldum félagsins berum við einn fyrir alla og allir fyrir einn. Hver félaganna hefur rétt til að rita firmað, en þó þarf samþykki allra til að lána eða láta af hendi peninga eða aðrar eignir firmans. Prókúruhafi er Sveinn A. Sæmundsson og ritar firmað þannig:

pr. pr. Blikksmiðjan Vogur.
Sveinn A. Sæmundsson.

Hver stofnenda leggur fram ⅓ kostnaðar við félagsstofnunina.

Kópavogi, 9. des. 1949.
Finnbogi Júlíusson.
Sveinn A. Sæmundsson.
Tryggvi Sveinbjörnsson.

21.

Samkvæmt síðustu málsgr. 44. gr. laga um hlutafélög nr. 77 27. júní 1921, tilkynnist yður hér með til skrásetningar, að skipti í þrotabúi h.f. Ó. Oddgeir, Sandgerði, hófust með uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti á búi félagsins hinn 30. janúar 1946. Gjaldþrotaskiptum þessum var lokið hinn 6. okt. 1949.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður.

Reykjavík, 2. nóv. 1949.
Virðingarfyllst,
Gunnar A. Pálsson,
skiptaráðandi samkvæmt sérstakri umboðsskrá.

22.

Á aðalfundi Byggingarfélags alþýðu í Hafnarfirði, sem haldinn var 21. nóv. s. l., voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Páll Sveinsson, kennari, Brekkugötu 22, Þórður Þórðarson, verkstj., Selvogsgötu 15, Gísli Guðjónsson, húsam., Selvogsgötu 17, Gunnlaugur Guðmundsson, tollvörður, Álfaskeiði 51. Formaður félagsins er nú Jóhann Þorsteinsson, kennari, Suðurgötu 15, skipaður af félagsmálaráðuneytinu 28. okt. 1949.

Hafnarfirði, 6. des. 1949.
F. h. Byggingarfélags alþýðu, Hafnarfirði.
Jóh. Þorsteinsson.
Gunnl. Guðmundsson.

253

AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1949.

I.

Skrás. 1949, nr. 1. Tilkynnt 4. janúar 1949, kl. 1 e. h. af J. & P. Coats Limited, iðjurekstri, Paisley, Skotlandi, og skrásett 15. janúar s. á.

